



ÁRSSKÝRSLA RANNÍS 2017

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSTÖÐUMANNS	4
TÍMAÁS	6
STARFSEMI OG SKIPULAG	13
SVIÐSSTJÓRAR GERA UPP ÁRIÐ	17
SJÓÐIR	21
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	28
MANNAUÐUR	34
ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL	37
UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI RANNÍS	40
REKSTUR	41
ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2017	46



ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS



Hlutverk Rannís er að veita stuðning við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Starfsemin skiptist í meginatriðum í þrennt, því stofnunin rekur samkeppnissjóði, stuðlar að alþjóðlegu samstarfi og annast kynningar og rekstur innlendra og erlendra verkefna í samræmi við stefnu stjórnvalda. Rannís veitir jafnframt faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs, sem markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum. Markmiðið er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tæknipróun í landinu og treysta þannig stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Litið til framtíðar þá eru sviðin sem Rannís sinnir - rannsóknir, nýsköpun, menntun og menning - lykilkættir, hvort sem fjallað er um fjórðu iðnbyltinguna eða þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

Í undirrituðu minnisblaði Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytis frá árinu 2012 var gert ráð fyrir tilfærslu verkefna frá Háskóla Íslands og umsýslu sjóða úr ráðuneytinu til Rannís, sem þýddi aukid hlutverk Rannís á sviði mennta-, menningar- og æskulýðsmála. Tilfærslan hafði í för með sér miklar breytingar á starfi Rannís, m.a. flutning í nýtt húsnæði, og leitast þurfti við að ná fram samlegðaráhrifum í starfinu. Segja má að það hafi reynt á reksturinn frá 2013 til 2016, en á árinu 2017 náði hann jafnvægi og tækifæri var til uppbyggingar innviða í starfseminni. Ýmislegt hefur verið gert til að formfesta og styrkja starfið, gengið var frá starfsmannahandbók 2016 og þá voru mannauðsstefna og jafnréttisáætlun uppfærðar. Starfspróunarstefna leit dagsins ljós á árinu og

undirbúningur stefnumótunar fyrir stofnunina hófst ásamt því að lögð voru drög að vinnuverndarstarfi á nýju ári, gerð áhættumats fyrir vinnustaðinn. Leitast hefur verið við að ná fram hagræðingu og hagkvæmni í rekstrinum.

Samkeppnissjóðir eru mikilvægt tæki stjórnvalda til að ná markmiðum sínum í ýmsum málaflokkum. Með samkeppnissjóðum er leitast við að velja verkefni sem uppfylla fyrirfram ákveðin skilyrði og má halda því fram að aðferðafræðin hámarki nýtingu þess fjár sem til ráðstöfunar er. Það er því mikilvægt fyrir stjórnvöld að gæta að því að ákveðið hlutfall fjár sem varið er til málaflokka sem Rannís sinnir, sé ráðstafað í samkeppni. Bein framlög eru mikilvæg, en sýnt hefur verið fram á að framlög sem samkeppni er um hafa mikil jákvæð áhrif á framvindu starfsins. Rannís stuðlar að alþjóðlegu samstarfi og yfirfærslu þekkingar, reynslu og tækni til landsins, en fyrir lítið rannsóknna-, mennta- og menningarumhverfi eru alþjóðleg tengsl og þekkingaryfirfærsla afgerandi þáttur. Álykta má að samkeppni hér innanlands hafi styrkt íslenska aðila í alþjóðlegri samkeppni, t.d. þegar kemur að sókn í sjóði á vegum ESB og norræna sjóði. Íslenskum aðilum gengur almennt vel í þessum alþjóðlegu sjóðum.

Erasmus áætlunin hélt upp á 30 ára afmæli á árinu. Af því tilefni var haldin afmælishátíð í Hörpu auk þess sem tekur voru saman upplýsingar um hvaða þýðingu áætlunin hefur haft fyrir Ísland. Erasmus+ áætlunin er mennta-, æskulýðs- og íþróttáætlun ESB, en á 25 ára tímabili sem Ísland hefur tekið þátt hafa íslenskir þátttakendur verið nærri 30 þúsund, til dæmis í skiptinámi, æskulýðsstarfi og starfsþjálfun. Margir hafa notið góðs af, en áætlunin felur í sér að enn meiri fjöldi hefur komið til Íslands og því haft áhrif á mennta-, æskulýðs- og íþróttastarf hér á landi. Athyglisvert er að í dag koma um helmingi fleiri til landsins en þeir Íslendingar sem fara frá Íslandi.

Frá árinu 2014 til 2017 hafa nærri 1.200 stúdentar farið frá Íslandi til 32 landa og rúmlega 2.700 nemendur hafa komið til Íslands frá 38 löndum. Ekki er nokkur vafi á að einstaklingar, sem leitað hafa út fyrir landsteinana, kynnst öðrum menningarheimi og aflað sér þekkingar og reynslu, eru mun hæfari en ella að takast á við starf í alþjóðavæddum heimi.

Teknar voru saman í sumarbyrjun upplýsingar um árangur Íslands í þremur Evrópuáætlunum sem Rannís hefur umsjón með, Horizon 2020, Erasmus+ og Creative Europe. Verkefnunum sem hér um ræðir, er ætlað að stuðla að víðtæku samstarfi með flæði þekkingar, fólks og afurða milli landa. Viðleitnin er að jafna tækifæri innan Evrópu sem styrkir samkeppnisstöðu Íslands í þessu tilfelli. Meginatriðið er að við styrkjum stöðu okkar með þátttöku, náum samkeppnisforskoti og þar með bættum við lífskjör okkar til langs tíma. Ísland greiðir inn í áætlunina í samræmi við landsframléiðslu, raunin er að ef einungis er litið til fjárhagslegs ávinnings er hann mun meiri en útgjöld Íslands, stuðningurinn er rúmlega tvöfaldur útlagði kostnaðurinn fyrir Ísland. Þá er ekki lagt mat á ávinninginn af þeirri reynslu og þekkingu sem flýst til landsins og stuðlar að bættri samkeppnishæfni landsins.

Evrópska rannsóknaráðið (European Research Council) hélt upp á 10 ára afmæli sitt á árinu, en Ísland hefur fengið fjóra styrki úr styrkjaflokknum Öndvegisrannsóknir (Excellent Science), hvern að upphæð um 200 til 250 milljónir króna. Um er að ræða mjög eftirsóttan og myndarlegan stuðning til vísindamanna. Þátttaka Íslands í styrkjaflokki sem kallast Samfélagsáskoranir (Societal Challenges) er mjög góður, þá sérstaklega á sviði orkumála og jafnframt tengt fæðu og matvælum. Ætla má að framlög til Íslands úr Horizon 2020 rannsóknna- og

nýsköpunaráætlun ESB á árunum 2014 til loka árs 2017 nemi um 60 milljónum evra eða nærri 7,5 mö.kr. Árangur Íslands er á við þær þjóðir sem standa sig best, svo sem umsóknir sem fá stuðning á móti heildarfjölda umsókna, hvort sem mælt er í fjölda eða sem hlutfall fjármuna sem sótt er um á móti veittum stuðningi, sem er um og innan við 20%.

Ef litið er til heildarframlaga til Íslands úr áætlunum þremur er Ísland með hæsta framlag á hvern íbúa.

Íslenskt atvinnulíf, og ekki síður íslenskt vísinda-, mennta-, lista- og tæknisamfélag, er mjög alþjóðlegt og er það einn meginstyrkur þess. Þátttakan í Horizon 2020 og ekki síður í Erasmus+ og forverum þess hefur skipt sköpum um alþjóðavæðingu háskólaumhverfisins og þar með atvinnulífsins. Í dag er Háskóli Íslands meðal 250 bestu háskóla í heiminum. Starf vísinda- og tækniráðs beinist að framtíðinni, að við sem þjóð undirbúum okkur sem best fyrir þær breytingar og þau tækifæri sem munu bjóðast. Hvort sem við teljum að fjórða iðnbyltingin sé hafin eða ekki, þá þurfum við sem þjóð að takast á við þær áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér af myndugleika, til að okkur farnist vel.

Hallgrímur Jónsson
Hallgrímur Jónsson
forstöðumaður



Viðburðir og viðurkenningar skipa stóran sess í starfsemi Rannís. Til að styðja við kynningarstarf á menntun, rannsóknum og nýsköpun og gera áhrif þekkingarsköpunar sýnileg, stendur Rannís fyrir ýmsum viðburðum eins og Rannsóknþingi, Haustþingi, Nýsköpunarþingi og veitingu gæðaviðurkenninga Erasmus+. Þá eru haldnir kynningarfundir víða um land og tengslaráðstefnur.

Rannís á einnig þátt í að hvetja vísinda- og fræðafólk til dáða með viðurkenningum á borð við Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs í samvinnu við ráðið, Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna og Nýsköpunarverðlaun Íslands í samvinnu við Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Hér má líta á brot af því helsta sem bar til tíðinda í starfsemi Rannís á árinu.

JANÚAR

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

1 Alþjóðlega norðurskautsvísindanefndin (IASC) opnar skrifstofu í Borgum á Akureyri Allen Pope, framkvæmdastjóri IASC, hefur störf. Skrifstofan heyrir undir Rannís samkvæmt samkomulagi við ríkisstjórn Íslands.

1 Rannís tekur að sér umsýslu með umsóknum og úrvinnslu vegna skattafrádráttar frá tekjum erlendra sérfræðinga Aðgerð til að bæta samkeppnisstöðu nýsköpunarfyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

6 Tilkynnt er um úthlutun listamannalauna til nærri 400 listamanna

13 Kynningarfundur um tækifæri og styrki í Erasmus+

16 Rannsóknasjóður úthlutar ríflega 800 m.kr. til 65 nýrra verkefna

17 Forstöðumaður Landskrifstofu Erasmus+ fundar með stjórnendum allra skólastiga á Akureyri

23 Gunnar Már Gunnarsson hefur störf sem sérfræðingur hjá IASC í 50% starfi

23 Kynningarfundur á styrkjum Tækniþróunarsjóðs í samvinnu við Samtök iðnaðarins

23 Fundur framkvæmdanefndar IASC haldinn í Reykjavík Fyrsti fundur framkvæmdanefndar með starfsmönnum nýrrar skrifstofu IASC á Íslandi.

24 Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi haldin í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík

26 Tvö sprotafyrirtæki fá öndvegisstyrk Tækniþróunarsjóðs



Frá afhendingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands

31 Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum Sölvi Rögnvaldsson, BS-nemi í hagnýttri stærðfræði við Háskóla Íslands, hlaut verðlaunin fyrir verkefnið Áhættureiknir við meðhöndlun sjúklinga með mergæxli.

FEBRÚAR

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28

2 Landskrifstofa Erasmus+ tekur þátt í Menntadegi atvinnulífsins og málþingi í tilefni af 150 ára afmæli Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur

3 Alþjóðasvið Rannís tekur þátt í UTMessunni í Hörpu

6 Mennta- og menningarsvið tekur á móti sendinefnd frá Króatíu

7 Námskeið í gerð Nordplus umsókna



Gestir Framadaga taka þátt í feik

9 Rannís tekur þátt í Framadögum í Háskólanum í Reykjavík

21 Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2017

24 Rannís og upplýsingaskrifstofa COST í Brussel bjóða til kynningarfundar um COST undir yfirskriftinni 45 ár af farsælu vísindasamstarfi

27 Vefstofa fyrir umsækjendur Samstarfsverkefna Erasmus+

MARS

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

3 Tilkynnt er um úthlutun úr Tónlistarsjóði



Ráðstefnugestir í hátíðarsal Háskóla Íslands

14 Gæðaráð íslenskra háskóla býður til ráðstefnu til að kynna nýja rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum Á ráðstefnunni var ný handbók um rammaáætlunina kynnt, en hún var unnin í nánu samstarfi við háskólana og nemendur.

16 Landskrifstofa Erasmus+ tekur þátt í Stóru framhaldsskólakynningunni í Laugardalshöll

17 Frestur til að skila inn tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2017 rennur út Alls bárust 17 tilnefningar til Hvatningarverðlaunanna að þessu sinni.

17 Ársráð starfsfólks haldin á Grandagarði

20 Heimsókn frá Nýsköpunarmiðstöð Litháens (LIC)

24 Tilkynnt um úthlutun úr Nýsköpunarsjóði námsmanna

28 Kynningarfundur á skattendurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar í samvinnu við Samtök iðnaðarins



Framkvæmdastjóri Skagans tekur við Nýsköpunarverðlaunum Íslands

30 Nýsköpunarþing og afhending Nýsköpunarverðlauna Íslands

Fyrirtækið Skaginn hf. hlaut verðlaunin í ár og veitti Ingólfur Árnason, framkvæmdastjóri Skagans, þeim viðtöku úr hendi Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Yfirskrift þingsins var Draumaland nýsköpunar.

APRÍL

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

2 Vísindaráð IASC samþykkir á fundi sínum í Prag í Tékklandi boð frá Rannís um að halda Vísindaviku Norðurslóða (ASSW) á Akureyri árið 2020



Rannís tók vel á móti ráðherra og fylgdarliði hans



Það var glatt á hjalla við opnun IASC á Akureyri

21 Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís, opnar með formlegum hætti skrifstofu IASC í Borgum á Akureyri

24 Rannís býður starfsfólki upp á heilsudaga

28 Ársskýrsla Rannís 2016 kemur út

10 Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, heimsækir Rannís í Borgartúnið

10 Tilkynnt er um úthlutun úr Tækniþróunarsjóði fyrir Hagnýt rannsóknarverkefni

MAÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

1 Nýr starfsmaður hefur störf sem sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði

4 Starfsþróunarstefna og -áætlun kynnt starfsfólki á starfsmannafundi



Áhugasamir gestir á hádegisverðarmálþinginu

5 Rannís og Félag rannsóknastjóra á Íslandi bjóða til hádegisverðarmálþings í tilefni af 10 ára afmæli Evrópska rannsóknaráðsins (ERC) Íslenskir ERC-styrkþegar sögðu frá verkefnum sínum og reynslu af því að sækja um styrk og Michel Vanbiervliet, fulltrúi Evrópusambandsins, fjallaði um þátttöku og árangur Íslands.

8 Starfsfólk rekstrarsviðs heldur af stað í fimm daga ferðalag til að heimsækja rannsóknaráð Eistlands og Landskrifstofu Erasmus+ í Lettlandi



Verkefnisstjórar við undirritun samninga hjá Rannís

9 Tilkynnt er um úthlutun í menntahluta Erasmus+ og haldin vinnustofa með nýjum verkefnisstjórum Tæplega 400 m.kr. úthlutað í náms- og þjálfunarstyrki.

12 Stjórnir Rannsóknarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs samþykkja allt að 20 m.kr. framlag til undirbúnings alþjóðlegs vísinda- og þróunarstarfs með íslenskri þátttöku

16 Rannsókn- og nýsköpunarsvið Rannís heldur kynningarfund á Akureyri

22 Framkvæmdastjórn ESB í eftirlitsheimsókn hjá Landskrifstofu Erasmus+

23 Norrænn fundur umsýsluaðila með Creative Europe áætluninni í Reykjavík



Starfsfólk Kerecis við verðlaunaafhendinguna

24 Vaxtarsproti ársins 2017 Kerecis hlaut Vaxtarsprotann að þessu sinni, viðurkenningu fyrir öflugna uppbyggingu sprotafyrirtækja árið á undan.



Ráðstefnugestir í Kína

24 Fimmta Norræna-kínverska norðurslóða ráðstefnan haldin í Dalían, Kína

24 Alþjóðafulltrúar íslensku háskólanna funda með Landskrifstofu Erasmus+

24 Tilkynnt er um úthlutun úr Tækniþróunarsjóði í styrktarflokknum Fræ



Ánægjuleg heimsókn ráðherra

30 Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, heimsækir Rannís í Borgartúnið

31 Kynning á Rannsóknarsjóði

31 Starfsfólk Uppbyggingarsjóðs EFTA fundar með fulltrúum Rannís um verkefni stofnunarinnar á næstu árum

JÚNÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

1 Tilkynnt er um vorúthlutun Tækniþróunarsjóðs Stjórn Tækniþróunarsjóðs samþykkti að bjóða fulltrúum 51 fyrirtækis, stofnana og háskóla að ganga til samninga um verkefnisstyrki fyrir allt að 800 m.kr. Þá höfðu 20 einstaklingar hlotið undirbúningsstyrki fyrir 30 m.kr.

1 Tilkynnt er um úthlutun úr Innviðasjóði

1 Tilkynnt er um úthlutun úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

2 Tilkynnt er um úthlutun úr Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna



Fjölmennt var á vörundi Tækniþróunarsjóðs

6 Vorfundur Tækniþróunarsjóðs: Nú uppskerum við! Hrund Gunnsteinsdóttir, formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs, bauð nýja styrkþega velkomna til samstarfs. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, ávarpaði fundinn og fulltrúar Íslands í MIT REAP hraðlinum sögðu frá framvindu verkefnisins og svöruðu spurningum úr sal.

8 Norrænir forstöðumenn systurstofnana Rannís sem styrkja alþjóðavæðingu og mobility funda í Vestmannaeyjum

16 Birting myndbanda þar sem íslenskir ERC-styrkþegar tjá sig um vísindin, árangurinn, stuðningskerfið, alþjóðasamstarfið og framtíðina

19 Tilkynnt er um fyrri úthlutun úr Hljóðritasjóði

22 Stofnanasamningur á milli Rannís og SFR undirritaður

JÚLÍ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

1 Rannís tekur við umsjón með æskulýðshluta Erasmus+ af Ungmennafélagi Íslands sem hefur rekið Evrópu unga fólksins frá 2007
Þrjú starfsmenn Evrópu unga fólksins fluttust til Rannís með yfirfærslunni. Öll umsýsla með Erasmus+ áætluninni er nú komin á einn stað.

3 Tilkynnt er um úthlutun úr Nordplus

4 Ný skýrsla um árangur Íslands í alþjóðlegu samstarfi kemur út

ÁGÚST

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

17 Kynningarfundur um Tækniþróunarsjóð með Samtökum iðnaðarins

21 EPALE-vefgátt fagfólks í fullorðinsfræðslu tekur á móti erlendum samstarfsaðilum frá Belgíu

28 Rannís tekur á móti fimm manna sendinefnd frá Slóveníu
Kom hún til að kynna sér starfsemi Europass, Euroguidance og EQF-NCP skrifstofunnar.

29 Námskeið í gerð umsókna fyrir væntanlega umsækjendur í Horizon 2020

SEPTEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30



Allur hópurinn í flokknum samstarfsverkefni samankominn

1 Tilkynnt er um 325 m.kr. úthlutun til 34 fjölbjódlegra samstarfsverkefna úr menntahluta Erasmus+

11 Fulltrúar Nordforsk funda með starfsfólki Rannís

15 Fræðslufundur með Gill Wells, yfirmanni Evrópu- og stefnumótunarskrifstofu Rannís um samstarfi við Félag rannsóknastjóra á Íslandi.

15 Þorsteinn Gunnarsson kjörinn formaður SAON (Sustaining Arctic Observing Networks) á vegum Norðurskautsráðsins



Hvatningarverðlaunahafi Vísinda- og tækniráðs 2017

21 Rannsóknþing og afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs
Dr. Anton Karl Ingason, lektor í íslenskrí málfræði og máltækni, hlaut viðurkenninguna að þessu sinni. Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs, afhenti Antoni Karli verðlaunin.

OKTÓBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

1 Nýr starfsmaður hefur störf sem skjalastjóri

2 Rannís býður starfsfólki upp á heilsudaga

4 Stefnumótun með starfsfólki

6 Góð samskipti á vinnustað I, námskeið fyrir starfsfólk

6 Símenntunar- og tengslaráðstefna fyrir norræna eTwinning sendiherra í Hafnarfirði
Ráðstefnan stóð yfir í þrjú daga og voru þátttakendur 36 frá 5 löndum.

7 IASC og Rannís hýsa fund dataARC í Reykjavík



Sérfræðingarnir frá Eistlandi

9 Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar stendur fyrir málstofu um frumkvöðla og nýsköpunarmenntun
Þrjú eistneskir sérfræðingar kynntu hvernig staðið er að frumkvöðla- og nýsköpunarkennslu þar í landi og skipst var á þekkingu þjóðanna.

10 Stefnumótun með starfsfólki - framhald

12 Góð samskipti á vinnustað II, námskeið fyrir starfsfólk

13 Kynning á EURAXESS samstarfsnetinu og rannsóknauhverfinu í Kína
Samstarfsnetinu er ætlað að auðvelda og örva hreyfanleika rannsakenda innan Evrópu.

13 Hringborð norðurslóða, The Arctic Circle, fer fram í Hörpu
Rannís, Erasmus+ og IASC tóku þátt með yfirlitserindi og skipulagi á málstofum.



Ráðherrarnir Kristján Þór og Lin Shanqing

14 Fundur Kristjáns Þórs Júlíussonar og Lin Shanqing aðstoðarráðherra vegna samstarfs Íslands og Kína um Rannsóknamiðstöð að Kárhóli í Reykjadal

16 Fundur aðgerðarhóps IASC, CASP (Communicating Arctic Science to Policy-Members), haldinn í Reykjavík

18 Fundur framkvæmdanefndar IASC haldinn á Akureyri
Framkvæmdanefndin bauð til fundarins norðurslóðastofnunum og -skrifstofum á Akureyri.

18 Námskeið um fjármál og uppgjörsgjafir Horizon 2020 rannsókna- og nýsköpunaráætlun ESB haldið í samstarfi við Félag rannsóknastjóra á Íslandi.



Skipuleggjendur námskeiðsins um náms- og starfsráðgjöf

19 Námskeið um náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu (Worklife guidance)
Að námskeiðinu stóðu EPALE, Euroguidance, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Norræna tengslanetið um nám fullorðinna og Starfsmennt.

26 eTwinning ráðstefna á Möltu, íslenskir kennarar taka þátt

27 Rannís og Landskrifstofa Erasmus+ taka þátt í ráðstefnu um tungumál og tungumálakennslu í Hörpu

NÓVEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30

1 Kynningarfundur um nýtt tímabil í Nordplus norrænu menntaáætluninni haldinn í Veröld - húsi Vigdísar Finnbogadóttur

7 Tilkynnt er um úthlutun úr Máltæknisjóði



LungA tekur við heiðursviðurkenningu Erasmus+

8 30 ára afmælishátíð Erasmus+ haldin hátíðleg í Hörpu og afhending gæðaviðurkenninga fer fram Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, veitti LungA – Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, heiðursviðurkenningu. Jafnframt hlutu sex verkefni viðurkenningu fyrir framúrskarandi Evrópuverkefni. Auk verðlaunaverkefnanna veitti mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, Evrópumerkið, viðurkenningu á sviði tungumálanáms og kennslu. 300 gestir tóku þátt í hátíðarhöldunum.

8 Sérblað tileinkað Erasmus+ afmælinu með reynslusögum og viðtölum fylgir Fréttablaðinu

9 Handhafar gæðaviðurkenninga Erasmus+ segja frá verðlaunaverkefnunum í myndböndum sem gefin eru út í tilefni af 30 ára afmælinu

10 Tilkynnt er um síðari úthlutun úr Hljóðritasjóði

16 Kynningarfundur um Nordplus norrænu menntaáætlunina haldinn á Akureyri

23 Málstofa um starfsmenntun haldin í IÐUNNI fræðslusetri í tilefni Evrópsku starfsmenntavikunnar

27 Vinnueftirlitið kynnir fyrir starfsfólki umhverfisvísa fyrir sálfélaglegt áhættumat

28 EPALE-vefgátt fagfólks í fullorðinsfræðslu tekur á móti erlendum samstarfsaðilum frá Litháen



STARFSEMI OG SKIPULAG

Rannís hefur umsjón með helstu samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar, menntunar og menningar á Íslandi, auk samstarfsáætlana ESB og norrænna áætlana sem veita styrki til samstarfsverkefna, náms og þjálfunar. Á meðal sjóða eru Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður, sem eru tveir stærstu samkeppnissjóðir hér á landi, Erasmus+ og Listamannalaun. Samskiptanetið

er stórt; skólar, stofnanir og einstaklingar auk stjórnsýslunnar tilheyra viðskiptavinahópi Rannís.

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

Rannís er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs, sem markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn, og veitir stofnunin faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning

DESEMBER

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31

1 Jólagleði starfsfólks

11 Kynningarbæklingur um Rannís kemur út á íslensku og ensku

11 Rannís vefurinn hlýtur 94 stig af 100 mögulegum í úttekkt á opinberum vefjum: Hvað er spunið í opinbera vefi?

14 Kynningarfundur heilbrigðishluta Horizon 2020

18 Tilkynnt er um haustúthlutun Tækniþróunarsjóðs Stjórn Tækniþróunarsjóðs samþykkti að bjóða fulltrúum 32 fyrirtækja til samninga um verkefnisstyrki fyrir allt að 510 m.kr.

Hér má sjá yfirlit yfir helstu samkeppnissjóði og sérverkefni sem Rannís hefur umsjón með

Innlendir sjóðir

- Atvinnuleikhópar
- Hljóðritasjóður
- Innviðasjóður
- Íslenskukennsla fyrir útlendinga
- Íþróttasjóður
- Listamannalaun
- Markáætlun
- Máltæknisjóður
- Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla
- Nýsköpunarsjóður námsmanna
- Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

- Rannsóknasjóður
- Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara - SEF
- Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna
- Starfslaunarsjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna
- Tónlistarsjóður
- Tækniþróunarsjóður
- Vinnustaðanámssjóður
- Þróunarsjóður námsgagna
- Æskulýðssjóður

Alþjóðastarf

- Arctic Research and Studies - Norðurslóðafræði
- Creative Europe
- Erasmus+ menntaáætlun ESB
- Sérverkefni Erasmus+ ECVET
- EPALE
- eTwinning
- Eurodesk
- Euroguidance
- Europass
- EQF-NCP
- Higher Education Reform Jean Monnet
- Euraxess
- Evrópska tungumálamerkið

- Horizon 2020 ERA-COFASP
- ERA-Marine
- Biotechnology
- ERA-Geothermal
- HERA-Humanities in the European Research Area
- Norface
- Jules Verne
- Norrænt samstarf NOS-HS
- NOS-M
- NOS-N
- NordForsk
- Nordplus
- Sóknarstyrkir
- Tungumálamiðstöðin í Graz
- Uppbyggingarsjóður EES

og framkvæmd stefnu ráðsins. Markmiðið er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tæknipróun í landinu og treysta þannig stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Forsætisráðherra er formaður ráðsins en þar sitja einnig mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Umfjöllun ráðsins á hvoru sviði um sig er undirbúin af starfsnefndum ráðsins, vísindanefnd og tækninefnd.

MEGIN ÁHERSLUATRIÐI Í NÝRRI STEFNU- OG AÐGERÐAÁÆTLUN VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS 2017-2019

Rannsóknir og nýsköpun í heimi örra breytinga

Aðgerð 1: Skilgreindar verði, í víðu samráði og með reglubundnu millibili, meiriháttar samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir og unnið markvisst að því að takast á við þær.

Öflug þátttaka í þekkingarsamfélaginu

Aðgerð 2: Auglýst verður markáætlun til þriggja ára til að efla stöðu íslenskrar tungu í tölvum og tækni.

Aðgerð 3: Gerð verður áætlun um miðlun vísinda og tækni frá háskólum og rannsóknarstofnunum til almennings, allra skólastiga og stjórnvalda, og henni hrint í framkvæmd.

Góð menntun og lykilhæfni

Aðgerð 4: Gæði og skilvirkni háskólastarfs verða aukin, meðal annars með því að efla fjármögnun með það að markmiði að hún nái meðaltali OECD árið 2020 og Norðurlanda árið 2025.

Aðgerð 5: Reiknilíkan háskóla verður endurskoðað með það fyrir augum að styðja betur við gæði í háskólastarfi.

Aðgerð 6: Vísinda- og tækniráð leggur mat á niðurstöður sérfræðingahóps um mannafla- og færnisþár á íslenskum vinnumarkaði.

Framsækin fyrirtæki og nýsköpun

Aðgerð 7: Gerð verður úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar á Íslandi, mat lagt á áhrif nýlegra lagabreytinga og unnar tillögur um hvernig megi þróa umhverfið áfram í átt að því sem best þekkist í nágrannalöndum.

Aðgerð 8: Lagt verður mat á stuðningskerfi atvinnulífs og stofnanaumhverfi með það að markmiði að skoða hvernig auka megi árangur og bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins svo hún verði í takt við það sem best þekkist í nágrannalöndunum.

Markviss uppbygging rannsóknarinnviða

Aðgerð 9: Unninn verður vegvísir um rannsóknarinnviði og alþjóðleg þátttaka í innviðum eflid.

Aðgerð 10: Unnin verður stefna um opinn aðgang að gögnum.

FJÖGUR SVIÐ RANNÍS

Starfsemi Rannís skiptist í þrjú fagsvið, þ.e. rannsókn- og nýsköpunarsvið, alþjóðasvið og mennta- og menningarsvið. Rekstrarsvið gengur þvert á fagsviðin og styður við starfsemi þeirra.


Sameiginlegt markmið sviðanna er að efla samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila við undirbúning og framkvæmd opinberrar vísinda- og tæknistefnu og styðja við rannsóknir og nýsköpun, menntun, menningu og þróun mannaúds.

REKSTRARSVIÐ

Hlutverk rekstrarsviðs er að sjá um fjármál, rekstur og bókhald, mannaúds, tölvumál, skjala- og gagnastjórnun, innri gæðamál ásamt samskipta- og kynningarmálum, móttöku viðskiptavina og rekstri mótuneytis. Árleg rekstraráætlun byggir á verkboðhaldi og er hvert verk skoðað út frá gjöldum, tekjum og tíma sem á að verja í það á komandi ári. Auk mánaðarlegra uppgjöra eru lögð fram nákvæmari ársfjórðungsleg uppgjör.

Mannaúds mál heyrir undir sviðið, allt frá nýráðningum til starfsloka, umsjón með launum, árlegum starfsmannasamtölum, fræðsluáætlunum og starfsþróun starfsmanna. Jafnframt heyrir almennur skrifstofurekstur undir rekstrarsvið, þ. á m. tölvumál, skjalastjórnun og innri gæðamál. Þá eru samskipta- og kynningarmál stór þáttur ásamt viðburðastjórnun. Heimasíðan kallar á stöðuga vinnu árið um kring og vaxandi þörf er fyrir að koma efni á framfæri til markhópa í gegnum samfélagsmiðla.

Árlegt umfang



RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

Rekstur tveggja stærstu samkeppnissjóða landsins er í umsjá rannsókn- og nýsköpunarsviðs, annars vegar Rannsóknasjóður fyrir rannsóknir og vísindi og hins vegar Tæknipróunarsjóður fyrir þróun og nýsköpun. Sviðið hefur auk þess umsjón með Innviðasjóði, Markáætlun, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Máltæknisjóði, ásamt nokkrum minni sjóðum. Starfsmenn sviðsins þjónusta stjórnir og fagråd sjóðanna, annast framkvæmd og skipulag á matsferli, samningsgerð, eftirfylgni verkefna, samskipti við umsækjendur/styrkþega og kynningar á sjóðunum. Þá staðfestir sviðið rannsóknar- og þróunarverkefni nýsköpunarfyrirtækja vegna skattfrádráttar í tengslum við rannsóknar- og þróunarkostnað.

Sviðið hefur umsjón með Gæðaráði íslenskra háskóla, en starf ráðsins felst í að annast reglubundnar úttektir óháðra sérfræðinga á starfsemi háskóla og einstakra eininga þeirra. Jafnframt að efla gæðameningu innan háskóla með ráðstefnum, námskeiðum og útgáfustarfsemi í samráði við hagsmunaaðila.

Í hugbúnaðardeild starfa forritarar sem hafa það meginhlutverk að byggja upp umsóknakerfi sem er grunnurinn að gagnasöfnun og úrvinnslu Rannís á umsóknargögnum og heildarumsýslu- og upplýsingakerfi Rannís til framtíðar. Ofan á grunninn hefur verið þróað umsýslukerfi fyrir sjóðsstjóra, bókhald og fagráðskerfi fyrir matsmenn og stjórnir sjóða. Þessi kerfi eru í stöðugri þróun, en markmiðið er að þau þjóni öllum sjóðum og áætlunum sem Rannís hefur umsjón með og vísinda- og nýsköpunarsamfélaginu í heild.

Starfsmenn rannsókn- og nýsköpunarsviðs taka virkan þátt í öðrum verkefnum stofnunarinnar sem tengjast sérfræðisviðum hvers um sig. Þar skiptir þátttaka í umsýslu við Horizon 2020 miklu máli. Tengsl á milli innlendra samkeppnissjóða og alþjóðasviðs eru mikilvæg þar sem oft er um að ræða sömu hagsmunaaðila.

ALPJÓÐASVIÐ

Alþjóðasvið hefur umsjón með Horizon 2020 rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB fyrir hönd Íslands, og er það eitt stærsta einstaka verkefni sviðsins. Í því felst seta í stjórnarnefndum og umsjón með starfi stjórnar-/nefndarfulltrúa og landstengiliða áætlunarinnar. Starfsmenn sviðsins eru í sjö landstengilverkefnum sem ganga út á að efla samstarf evrópskra landstengiliða. Rannís skipuleggur auk þess kynningu á áætluninni og stendur fyrir fundum og námskeiðum sem miða að því að auka og auðvelda þátttöku íslensks vísindasamfélags í evrópsku samstarfi. Einnig hefur alþjóðasvið umsjón með tengdum áætlunum sem miða að því að styðja við alþjóðlegt samstarf íslensks vísindasamfélags, svo sem COST og Jules Verne samstarfsverkefni Frakklands og Íslands, auk þess að halda utan um úthlutun sóknarstyrkja. Þá tekur alþjóðasvið þátt í nokkrum ERA-netum sem miða að því að koma á samstarfi rannsóknasjóða aðildarlandanna, Uppbyggingarsjóði EES, norðurlóðasamstarfi, norrænu samstarfi o.fl. Vægi Uppbyggingarsjóðs hefur þó farið minnkandi á árinu.

Helstu markmið sviðsins eru að stuðla að aukinni nýliðun í erlendum samstarfsverkefnum, auka sókn í einstakar undiráætlanir Horizon 2020 og bæta þá þjónustu sem fyrir er.

MENNTA- OG MENNINGARSVIÐ

Mennta- og menningarsvið annast umsýslu með fjórum alþjóðlegum áætlunum og 11 innlendum samkeppnisjóðum sem veita styrki til íslensks mennta- og menningarsamfélags, auk þess að sinna upplýsingaþjónustu og stuðningi við stefnumótun í mennta- og menningarmálum.

Alþjóðlegt samstarf er umfangsmest í starfsemi sviðsins sem rekur landskrifstofur fyrir Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins, Nordplus menntaáætlun Norðurlanda og Creative Europe, menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins, auk Arctic Studies sem er tvíhliða samstarf Íslands og Noregs.

Í tengslum við Erasmus+ áætlunina rekur sviðið nokkur sérverkefni sem fela m.a. í sér stuðning við rafrænt skólasamstarf, vefgátt fyrir fagfólk í fullorðinsfræðslu, þjónustumiðstöð fyrir náms- og starfsráðgjafa og umsýslu með evrópskum skjölum sem ætlað er að auðvelda samhæfingu prófskrifteina og viðurkenninga innan Evrópu. Þá vinnur sviðið í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis að stuðningi við stefnumótun, m.a. sem landstengiliður vegna evrópska hæfnirammans um menntun og veitir stuðning við sérfræðingateymi um umbætur á háskólastigi.

Loks rekur sviðið Upplýsingastofu um nám erlendis og sér um vefgáttina FaraBara.is sem geymir upplýsingar fyrir Íslendinga sem hafa áhuga á að stunda nám erlendis. Þá sér sviðið um Study in Iceland vefgáttina ásamt Íslandsstofu, en hún er hugsuð fyrir útlendinga sem langar til að stunda nám á Íslandi.

Á innlendum vettvangi sér mennta- og menningarsvið um þjónustu við innlenda sjóði á sviði menntunar, menningar og æskulýðs- og iþróttamála. Starfsemi sviðsins er skipt upp í fimm teymi sem endurspeglar þá ólíku markhópa sem sviðið sinnir, þ.e. skóla, starfsmenntun og fullorðinsfræðslu, háskóla, æskulýðsstarf, menningu og kvikmyndir.



Vísinda- og tækninefndir hittust átta sinnum á árinu á sameiginlegum fundum Vísinda- og tækniráðs og vísindanefnd fundaði einu sinni. Vísinda- og tækniráð fundaði tvisvar, í mars og júní. Á fundi ráðsins í júní var stefna og aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2017-2019 samþykkt, auk þess sem ákveðið var að hefja undirbúning að nýrri markáætlun um máltækni.

Verkefnahópur Vísinda- og tækniráðs um rannsóknarinnviði og vöktun skilaði í apríl skýrslu um uppbyggingu rannsóknarinnviða á Íslandi til framtíðar. Niðurstöður nefndarinnar má draga saman í tvær tillögur:

- **Tillaga 1:** *Unnin verði stefna um rannsóknarinnviði til 5-10 ára.*
- **Tillaga 2:** *Gerður verði vegvísir um rannsóknarinnviði á Íslandi á grundvelli stefnu um rannsóknarinnviði. Gerðar verði breytingar á lögum nr. 3/2003 um opinberar vísindarannsóknir til að unnt verði að vinna slíkan vegvísi.*

Undirbúningur að gerð vegvísir um rannsóknarinnviði hófst í lok ársins.



SVIÐSSTJÓRAR GERA UPP ÁRIÐ



Herdís Þórgrímsdóttir, sviðsstjóri rekstrarsviðs

Umfang rekstrarsviðs jókst á árinu með tilkomu tveggja stórra verkefna sem bættust við starfsemi Rannís. Árið hófst á því að Alþjóðlega norðurskautsvísinda-nefndin (IASC) opnaði skrifstofu í Borgum á Akureyri. Skrifstofa IASC ber ábyrgð á daglegri starfsemi nefndarinnar. Rannís var falin umsýsla með skrifstofunni. Náíð samstarf er á milli starfsfólks rekstrarsviðs og starfsfólks skrifstofu IASC fyrir norðan. Um mitt árið færðist æskulýðshluti Erasmus+ yfir til Rannís ásamt þremur starfsmönnum.

Lög um opinber fjármál eða LOF tóku gildi í upphafi árs og lögð var áhersla á að mæta þeim með breyttu verklagi. Helstu breytingarnar fólust í eignakerfi sem tengist bókhaldskerfi Orrans. Yfirfara þurfti fjárhagslykla í Navision og aðlaga þá að Oracle kerfinu. Bókhaldshreyfingar voru færðar mánaðarlega yfir í Orrann í stað þess að færa stöður. Orlofsskuldbinding Rannís birtist í fyrsta skipti í ársreikningi 2017 ásamt upplýsingum um fastafjármuni og afskriftir.

Á árinu var birting rekstraráætlana þróuð þannig að hægt er að kalla áætlunir niður á hvert verk en fá jafnframt heildaryfirlit yfir stöðu sviðs eða Rannís sem heildar hverju sinni. Markáætlun og Innviðasjóður voru færð á rekstrargrunn á árinu.

Gerð var úttekt á gagnaöryggi umsóknakerfis Rannís og leiddi hún í ljós að það var í lagi. Mikilvægt er fyrir Rannís að fá reglulega mat óháðra ytri aðila á gagnaöryggi.

Skrifað var undir stofnanasamning á milli SFR og Rannís í júní. Samningaviðræður um stofnanasamninga á milli BHM og Rannís hófust í september og voru enn í vinnslu í lok ársins.

Við síðustu uppfærslu mannaútsstefnu Rannís í október 2016 var starfspróun tekin til sérstakrar skoðunar og lagður grunnur að endurbættri starfspróunarstefnu og -áætlun til að hrinda henni í framkvæmd. Rannís óskaði eftir því að Attentus – mannaúður og ráðgjöf stýrði vinnu við gerð starfspróunaráætlunar fyrir stofnunina. Við efnisöflun var rýnt í ýmis gögn, svo sem ársskýrslur, heimasíðu, starfslýsingar, könnunina Stofnun ársins o.fl., auk þess sem fundað var með stjórnendum og tveimur rýnihópum starfsmanna. Afurð verkefnisins, starfspróunarstefna og -áætlun fyrir stofnunina og tillaga að uppsetningu fyrir starfspróunaráætlun einstakra starfsmanna til notkunar í starfsmannasamtölum, var kynnt í lok maí ásamt fræðsluáætlun fyrir september til desember 2017. Starfsfólki var þá gefið formlegra tækifæri en áður til að setja saman eigin starfspróunaráætlun.

Starfsmannasamtöl fóru fram að sumri og hausti og stefnt á eftirfylgni við þau í upphafi ársins 2018. Umsóknarfrestur um námsleyfi á árinu 2018 rann út í lok október og bárust þrjár umsóknir og fengu tvær þeirra framgang. Sex starfsmenn rekstrarsviðs fóru í námsleyfi á árinu til að kynna systurstofnunum Rannís í Eistlandi og Lettlandi.

Á árinu var kallað eftir viðhorfum starfsmanna til Rannís sem vinnustaðar með mánaðarlegum könnunum að undanskildum júlímánuði. Markmið mælinganna er að nýta viðhorf starfsmanna til að gera Rannís að betri vinnustað. CEO Huxun annaðist kannanirnar.

Áfram var unnið markvisst að því að bæta upplýsingaflæði innan stofnunarinnar. Sjö formlegir starfsmannafundir voru haldnir á árinu, 20. mars, 4. maí, 18. ágúst, 4. september, 2. október, 7. nóvember og 20. desember, en sú nýbreytni var tekin upp um miðbik árs að halda óformlega starfsmannafundi, svokallaða fréttafundi, þar sem starfsfólk fjallar um þau verkefni sem eru á döfinni. Hver fundur er 30 mínútur að hámarki og ekki gert ráð fyrir glærum eða sérstökum undirbúningi. Þrír fréttafundir voru haldnir frá júní til október og mættu að jafnaði um 25 manns á hvern. Öllum formlegum fundum, starfsmannafundum og stjórnendafundum, er fylgt eftir með fundargerðum til starfsfólks.

Rannís hóf á árinu undirbúning stefnumótunar fyrir stofnunina og boðaði til tveggja funda með starfsfólki í október. Sævar Kristinsson, ráðgjafi hjá KPMG, var fenginn til að leiða stefnumótunavinnuna.

Samskiptastofa sviðsins tók þátt í og/eða stýrði í samvinnu við viðkomandi svið undirbúningi sex stærri viðburða sem heyra beint undir Rannís, þ.e. Nýsköpunarverðlaunum forseta Íslands, ERC-málþingi, vofundi Tækniþróunarsjóðs, Rannsóknþingi og afhendingu Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs, Nýsköpunarþingi og afhendingu Nýsköpunarverðlauna Íslands, ásamt 30 ára afmælishátíð Erasmus+. Gestir hvers viðburðar voru á bilinu 70-300 talsins. Notast var við vef- og samfélagsmiðla til kynningar á þeim. Viðtalsmyndbönd sem búin voru til fyrir tiltekna viðburði nýttust beint í kynningarstarfið.

Heilsudagar voru haldnir í apríl og október og lögð voru drög að vinnuverndarstarfi á nýju ári, gerð áhættumats fyrir vinnustaðinn. Lokað var við að skipa í samráðsnefnd sem ætlað er að vinna áhættumatið og setja sér verklagsreglur um hvernig taka eigi á erfiðum málum, svo sem eineltismálum, sem upp geta komið á vinnustað. Í nefndinni sitja forstöðumaður, samskiptastjóri og fulltrúi starfsmanna, kosinn á starfsmannafundi 29. september 2017. Fyrsti fundur nýskipaðrar samráðsnefndar er fyrirhugaður í janúar 2018.

Árshátíð var haldin í mars með tilheyrandi upptakti og fékk starfsfólk að æfa listir sínar undir leiðsögn nokkurra starfsmanna Sirkuss Íslands áður en haldið var til borðhalds í Grandagarði.

Jólagleði Rannís var haldin 1. desember. Jólaveinninn kom í heimsókn og færði starfsfólki gjafir.

Rekstrarsvið hefur tekist á við þær umfangsmiklu breytingar sem orðið hafa á starfsemi á árinu með góðum árangri. Það hefur lagað starfsemi að nýjum lögum um opinber fjármál, horft á innri ferla sem snúa að bókhaldi, upplýsingaflæði, vinnuvernd ásamt starfsþróun, stefnu og áætlun, og nýttist sú vinna í áframhaldandi umbótastarfi.



Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsóknna- og nýsköpunarsviðs

Rannsóknna- og nýsköpunarsvið hefur umsjón með helstu samkeppnissjóðum sem bjóða upp á stuðning við rannsóknir og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Hinir stærstu eru Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður sem eru samanlagt með um 5 ma.kr. til ráðstöfunar. Þetta eru hreinir samkeppnissjóðir þar sem úthlutunarhlutfall er iðulega milli 20 og 25%. Báðir þessir sjóðir stækkuðu verulega á síðasta ári og samhliða var lokið við að hrinda í framkvæmd nýrri stefnumótun.

Aðrir sjóðir eru minni í sniðum, svo sem Innviðasjóður, Nýsköpunarsjóður námsmanna, Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna og Máltækisjóður. Samtals eru þessir sjóðir með um 400 m.kr. til umráða.

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki gegnum skattendurgreiðslu rannsóknna- og þróunarkostnaðar er að verða stór þáttur í stuðningi við nýsköpun. Lögum um sjóðinn, sem er réttindasjóður, var breytt á síðasta ári og komu endurgreiðslur með hærra þaki til framkvæmda á þessu ári. Þær nema um 2,5 mö.kr. sem er veruleg hækkun frá fyrra ári.

Í heild má segja að starfsmenn sviðsins komi með einum eða öðrum hætti að fjárstuðningi við nýsköpun í landinu upp á um 8 ma.kr. Það efast enginn um að styrkir sem þessir séu nauðsynlegir og hafi veruleg áhrif á að bæta samkeppnisstöðu landsins almennt. En það er líka nauðsynlegt að sýna fram að svo sé. Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs fyrir árin 2009 til 2013 var boðið út á árinu og er von á niðurstöðum snemma á næsta ári. Þarna er tekið mið af sams konar greiningum í nágrannalöndum okkar. Það er engin tilviljun að í þeim löndum þar sem lífsgæði og þjóðarframleiðsla mælast hvað mest er stuðningur við rannsóknir og nýsköpun lyklatríði.

Innan sviðsins er einnig rekin hugbúnaðardeild, en hún sér um alla þróun og rekstur umsóknna- og umsýslukerfa Rannís og er einn meginþáttur þess að starfsfólki sviðsins hefur tekist að ráða við aukni umfang þess.

Við rekstur innleindra sjóða er tekið mið af stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs. Eitt áhersluatriði ráðsins er alþjóðlegt samstarf, sem er nauðsynlegt til að stuðla að samkeppnisstöðu landsins. Taka starfsmenn sviðsins virkan þátt í samstarfi við erlenda kollega um rannsóknir og nýsköpun. Einkum hefur Tækniþróunarsjóður tekið virkan þátt í evrópsku og norrænu samstarfi með beinum stuðningi við íslenska þátttakendur, en einnig ýtt undir samstarf í Horizon 2020 áætluninni í samstarfi við alþjóðasvið Rannís. Íslendingar hafa þar náð árangri sem eftir er tekið, bæði á sviði vísinda sem og nýsköpunar í sprotafyrirtækjum. Báðir stóru samkeppnissjóðirnir styðja við umsóknir í Horizon 2020 sjóðina með beinum hætti (Sóknarstyrkir).

Hefðbundnir viðburðir sem tengjast sviðinu eru Rannsóknþingi og Nýsköpunarþingi sem haldin eru árlega. Þá hélt Tækniþróunarsjóður vofund sinn í byrjun júní, en það er að skapast hefð fyrir nokkurs konar uppskeruhátíð sjóðsins á vorin. Þetta eru fjölsóttir viðburðir þar sem þingin eru í nokkuð föstum skorðum, en vofundurinn er frjálsgri þar sem ungir frumkvöðlar ráða ráðum sínum og margir gleðjast yfir nýfengnum styrk. Fagráðherrar mæta og taka þátt í viðburðunum.

Starfsmenn sviðsins voru 11 í upphafi árs en fjölgaði um einn sérfræðing seinni hluta ársins. Þegar horft er til baka verður að segjast að sviðið er undirmannað. Verkefnin eru mörg og mikilvægt að geta sinnt þeim vel. Það var auglýst eftir nýjum sérfræðingum á síðasta ársfjórðungi og stefnt að því að ráða í þá stöðu snemma árs 2018.



Elísabet M. Andrésdóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs

Starfsmenn alþjóðasviðs tóku í fyrsta skipti þátt í UTmessu og World Seafood Congress, ráðstefnu sem haldin var í Hörpu. Markmiðið var að ná til nýrra aðila og kynna fyrir þeim möguleikana í Horizon 2020 og ERA-netum. Sviðið tók þátt í að skipuleggja ýmsa evrópska viðburði, s.s. evrópska ráðstefnu um lýðræði í Evrópu á vegum landstenglanetsins Net4Society o.fl.

Alþjóðasvið Rannís og Félag rannsóknastjóra á Íslandi buðu til hádegisverðarmálþings í maí í tilefni af 10 ára afmæli Evrópska rannsóknaráðsins (ERC). Þar töluðu íslenskir vísindamenn sem hlotið hafa ERC styrki, en þeir eru aðeins veittir framúrskarandi vísindamönnum sem teljast í fremstu röð innan sinna fræðisviða í Evrópu. Heildarstyrkveitingar ERC í Horizon 2020 til íslenskra vísindamanna eru um 5,5 milljónir evra.


Að öðru leyti stóð sviðið fyrir ýmsum námskeiðum, svo sem í fjármálum og uppgjörum og umsóknartækni í tengslum við Horizon 2020, kynningarfundum fyrir hinar ýmsu áætlanir og hugarflugsfundum.

Flestum landstenglaverkefnum eins og NET4 Society og SIS.net er um það bil að ljúka og starfsmenn hófu undirbúning að nýjum verkefnum. Stendur sú vinna fram í byrjun árs 2018 þegar nýju verkefnin taka við.



Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðsstjóri mennta- og menningarsviðs

Árið var viðburðaríkt hjá mennta- og menningarsviði þar sem Erasmus+ áætlunin var fyrirferðarmikil í starfinu. Í fyrsta lagi var haldið upp á 30 ára afmæli áætlunarinnar á Íslandi eins og í öðrum þátttökuríkjum. Fékk Rannís sérstaka fjárveitingu til hátíðarhaldanna og var hægt að standa myndarlega að þeim. Í öðru lagi kom út matsskýrsla um framkvæmd áætlunarinnar og forvera hennar um mitt ár og fékk Rannís mjög jákvætt mat á skilvirkni og árangri og lofsamlegar umsagnir þátttakenda um þjónustu. Mikilvægt er fyrir skrifstofuna að fá óháð ytra mat á starfseminni með reglubundnum hætti. Í þriðja lagi tók Rannís við



Upplýsingastofa um nám erlendis rekur vefsíðuna FaraBara.is ásamt Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE). FaraBara veitir upplýsingar um námsmöguleika erlendis. Um 17.800 gestir heimsóttu síðuna á árinu og Rannís kynnti Upplýsingastofuna og vefsíðuna 16 sinnum í menntaskólum og háskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Upplýsingastofa veitir upplýsingar og aðstoðar viðskiptavinum í gegnum síma, tölvupóst og með því að taka á móti fólki í viðtöl. Samskiptin fara aðallega fram í gegnum tölvupóst. Algengustu spurningarnar sem bárust Upplýsingastofu á árinu sneru að námi á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku, og svo um TOEFL enskuprófið, en Upplýsingastofa er ein af örfáum aðilum sem lánar æfingagögn fyrir prófið.

Þegar Evrópa unga fólksins flutti til Rannís í sumarbyrjun hófst samstarf milli Upplýsingastofu um nám erlendis og Eurodesk.

rekstri á æskulýðshluta Erasmus+ af Ungmennafélagi Íslands um mitt ár og var það verkefni mjög umfangsmikið. Þrátt fyrir skamman undirbúningstíma gekk yfirfærslan vel og bættust þrír nýir en reynslumiklir starfsmenn í hópinn sem myndar æskulýðsteymi sviðsins. Með þessari tilfærslu verkefna má segja að lokið sé því sameiginlega verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Rannís að sameina á einn stað umsýslu með öllum helstu samstarfsáætlunum ESB.

Annað alþjóðasamstarf sem sviðið sinnir gekk einnig vel á árinu að mestu leyti. Nýtt tímabil í Nordplus áætluninni var undirbúið, en það hefst í ársbyrjun 2018. Töluverðar breytingar verða á tungumálahluta Nordplus, sem Rannís ber ábyrgð á, og opna þær fyrir viðtækari þátttöku. Mun það eflaust leiða til aukinnar eftirspurnar. Sókn í Creative Europe áætlunina var góð og þá sérstaklega í kvikmyndahlutann þar sem metfjöldi umsókna var sendur frá Íslandi en árangurshlutfallið var samt sem áður mjög hátt eða 46%. Sýnir það hversu vel íslenskt kvikmyndagerðarfolk stendur í samkeppni við evrópska kollega sína. Styrkveitingar til íslenskra aðila voru 1,1 milljón evra og hafa aldrei verið hærri. Það sem helst olli vonbrigðum á árinu var að það fjármagn sem Rannís fær til að sinna þjónustu við Uppbyggingarsjóð EES verður umtalsvert minna en vonir voru bundnar við, þannig að geta sviðsins til að styðja við aukið menningarsamstarf við styrkþegaríkin 16 á næstu árum verður ekki eins mikil og æskilegt væri.

Stöðugleiki var í rekstri innlendra sjóða og var fjárhagslegt umfang þeirra tiltölulega óbreytt. Heildarfjöldi umsókna sem starfsfolk sviðsins tók á móti var um 2.300 sem er um 15% aukning frá árinu 2016. Mikil skilvirkni hefur náðst í starfinu og hefur framkvæmdin gengið vel. Talsverður fjöldi fólks utan stofnunarinnar kemur að mati á umsóknum og hefur skipt sköpum að hafa góða fundaradstöðu til þeirrar vinnu.

Á heildina litið var árangurinn af starfi mennta- og menningarsviðs góður á árinu. Þrátt fyrir nokkur langtímaveikindi starfsmanna, sem ollu því að hægja varð á nokkrum verkefnum og minnka umsvif þeirra, tókst að ná öllum meginmarkmiðum. Starfsemi sviðsins jókst á árinu og er það vel í stakk búið til að mæta þeim tækifærum sem felast í auknum áhuga íslenskra stjórnvalda á mennta- og menningarmálum og væntanlegri aukningu í fjárveitingu í evrópskum samstarfsáætlunum.



SJÓÐIR

Yfirlitsmynd yfir umfang sjóða sem Rannís hefur umsjón með

SJÓÐIR OG ÁÆTLANIR Í UMSÝSLU RANNÍS	Fjárveiting í m.kr.	Sótt um í m.kr.	Úthlutað í m.kr.	Árangurs- hlutfall í upphæðum	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykkrá umsókna	Árangurs- hlutfall umsókna
Skattfrádráttur rannsókn- og þróunarverkefna	2.659	**	2.659	**	390	356	*
Rannsóknasjóður - nýjar umsóknir	2.470	4.007	836	21%	302	65	22%
Rannsóknasjóður - framhaldsumsóknir			1.676	100%		120	
Tækniþróunarsjóður - nýjar umsóknir	2.383	6.379	1.261	20%	540	133	25%
Tækniþróunarsjóður - framhaldsumsóknir			1.164	98%		89	
Erasmus+	990	1.647	889	54%	173	124	72%
Listamannalaun***	631	3.417	604	18%	852	261	31%
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla***	351	**	351	**	123	40	33%
Vinnustaðanámssjóður	245	253	253	*	169	169	*
Innviðasjóður	206	644	201	31%	70	24	34%
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	120	243	147	60%	36	34	*
Styrkir til atvinnuleikhópa***	99	622	97	16%	96	17	18%
Nýsköpunarsjóður námsmanna	80	217	73	34%	215	68	32%
Nordplus tungumálahlutinn	77	104	73	70%	29	23	79%
Tónlistarsjóður	67	304	64	21%	307	113	37%
Þróunarsjóður námsgagna	55	139	51	37%	92	34	37%
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara - SEF	48	47	40	84%	87	84	*
Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna	45	153	44	29%	54	19	35%
Hljóðritasjóður	41	223	38	17%	248	109	44%
Máltækniþróunarsjóður	40	107	39	36%	9	4	44%
Íþróttasjóður***	20	114	21	18%	127	77	61%
Arctic Research and Studies - Norðurlóðafræði	18	45	18	40%	19	10	53%
Æskulýðssjóður***	9	61	9	15%	76	24	32%
Jules Verne	4	4	4	100%	10	6	60%
Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar	4	6	4	60%	7	7	100%
Samtals	10.662	18.736	10.615		4.031	2.010	
Áætlanir sem úthluta beint til íslenskra aðila							
Horizon 2020		**	1.864	**	179	33	18%
Creative Europe		**	138	**	57	20	35%
Samtals			2.002		236	53	
Heildarumfang sjóða og áætlana sem Rannís þjónustar			12.616		4.267	2.063	

Miðað var við gengi evru 120,5.

Tölurnar í töflunni eru námunadaðar að heilli tölu.

* Árangurshlutfall umsókna á ekki við þar sem aðeins fyrirfram skilgreindir aðilar geta sótt um og fá úthlutað uppyfli þeir öll skilyrði.

** Upphæð sem sótt er um er ekki þekkt og því ekki hægt að reikna árangurshlutfall í upphæðum.

*** Í þessum sjóðum er miðað við fjárlög 2018.

SKATTFRÁDRÁTTUR RANNSÓKNA- OG PRÓUNARVERKEFNA

Á árinu bárust 185 umsóknir um skattfrádrátt vegna nýrra rannsókna- og próunarverkefna og 205 vegna framhaldsverkefna, en staðfest voru 156 ný verkefni og 200 framhaldsverkefni. Árið 2017 var heildarendurgreiðsla skattfrádráttar 2.659 m.kr. vegna verkefna sem unnin voru á árinu 2016, en var 1.442 m.kr. árið áður. Heildarendurgreiðslan skiptist þannig að 2.182 m.kr. voru greiddar út og 477 m.kr. gengu upp í tekjuskatt fyrirtækja. Breytingar á lögnum um skattfrádrátt tóku gildi í upphafi árs 2016. Hámark viðmiðunar var hækkað úr 100/150 m.kr. í 300/450 m.kr. sem hefur fyrst og fremst áhrif á skattfrádrátt til stærri aðila. Eins og sjá má í töflu er veruleg hækking á þessum lið frá fyrri árum. Á undanförunum árum hefur frádráttur frá tekjuskatti hækkað sem hlutfall af heildarskattfrádrætti sem er veittur til fyrirtækja sem eru eigendur rannsókna- og próunarverkefna.

Skattfrádráttur vegna rannsókna- og próunarverkefna - miðað við upphæðir í m.kr.

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Frádráttur frá tekjuskatti	71	148	164	173	241	477
Endurgreiðsla	877	981	1.077	1.017	1.201	2.182
Skattfrádráttur alls	948	1.129	1.241	1.190	1.442	2.659

RANNSÓKNASJÓÐUR

Framlag ríkisins til Rannsóknasjóðs árið 2017 var 2.470 m.kr. Alls bárust 302 umsóknir í Rannsóknasjóð að þessu sinni og hlutu 65 verkefni styrk eða 22% umsókna. Sótt var um 4.007 m.kr. og voru 836 m.kr. veittar eða 21% umbeðinnar upphæðar.

Alls voru veittir fjórir öndvegissstyrkir, 33 verkefnisstyrkir, 14 rannsóknastöðustyrkir og 14 doktorsnemastyrkir.

Af 348 skráðum verkefnisstjórum í umsóknum voru 196 karlar (56%) og 152 konur (44%). Fleiri en einn verkefnisstjóri getur verið skráður á sama verkefni. Alls er 41 karl verkefnisstjóri í styrktum verkefnum (56%) og 32 konur (44%). Úthlutunarhlutfall karla er 21% og úthlutunarhlutfall kvenna 21%.

Rannsóknasjóður - miðað við fjölda umsókna

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Raunvísindi og stærðfræði	47	12	26%
Verkfræði og tæknivísindi	51	11	22%
Náttúruvísindi og umhverfivísindi	39	8	21%
Lífvísindi	27	7	26%
Klínískar rannsóknir og lýðheilsa	32	8	25%
Félagsvísindi og menntavísindi	52	9	17%
Hugvísindi og listir	54	10	19%
Samtals	302	65	22%

Rannsóknasjóður - miðað við upphæðir í m.kr.

FAGRÁÐ	Sótt	Veitt	Árang.hlutf.
Raunvísindi og stærðfræði	634	156	25%
Verkfræði og tæknivísindi	675	124	18%
Náttúruvísindi og umhverfivísindi	669	125	19%
Lífvísindi	476	98	20%
Klínískar rannsóknir og lýðheilsa	440	119	27%
Félagsvísindi og menntavísindi	587	134	23%
Hugvísindi og listir	526	80	15%
Samtals	4.007	836	21%

TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

Á árinu bauð Tækniþróunarsjóður upp á sjö styrktarflokka; styrki til hagnýtra rannsóknarverkefna, einkaleyfastyrki, Fræ, Sprotta, Vöxt, Sprett og markaðsstyrki. Sjóðurinn hafði 2.383 m.kr. til umráða. Í töflunni hér fyrir neðan eru upplýsingar um fjölda umsókna og styrkja. Alls bárust sjöðnum 540 umsóknir í alla styrktarflokka sem er 6% aukning frá fyrra ári. Í heildina var úthlutað 1.261 m.kr. til nýrra verkefna og 1.164 m.kr. til framhaldsverkefna eða samtals 2.425 m.kr. Þessi tala þarf ekki að stemma nákvæmlega við bókhald þar sem hér er miðað við umsóknarfresti en bókhald við dagsetningu samninga, sem getur farið yfir áramót við umsóknarfrest að hausti.

Í nýrri stefnumótun sjóðsins sem var innleidd að fullu árið 2016 var m.a. lögð áhersla á að auka nýliðun umsækjenda í sjóðinn. Nýir styrktarflokkar sem þjóna verkefnum snemma í nýsköpunarkeðjunni virðast hafa heppnast með ágætum. Margar umsóknir berast í styrktarflokka sem teljast snemma í þroskaferli vöruþróunar. Veruleg aukning umsókna var í hagnýtum rannsóknarverkefnum (aukning um 28%) og Sprotta (aukning um 50%) frá fyrra ári. Færri umsóknir bárust í flokkinn Fræ en fleiri góðar umsóknir skiluðu sér í fleiri veittum styrkjum í þessum flokki á árinu.

Sókn og styrkveitingar nýrra verkefna voru sem hér segir:

Tækniþróunarsjóður – miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Einkaleyfastyrkir*	32	30	94%
Hagnýt rannsóknarverkefni	50	12	24%
Fræ	77	20	26%
Sprotti	159	27	17%
Vöxtur**	149	29	19%
Markaðsstyrkir	73	15	21%
Samtals	540	133	25%

Tækniþróunarsjóður – miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Einkaleyfastyrkir*	-	-	
Hagnýt rannsóknarverkefni	662	165	25%
Fræ	113	30	27%
Sprotti	1.462	240	16%
Vöxtur**	3.404	676	20%
Markaðsstyrkir	738	150	20%
Samtals	6.379	1.261	20%

*Ekki liggur fyrir hversu margar munu að lokum skila sér í innlögn á einkaleyfisumsókn til viðurkennra einkaleyfastofa og fá greiðslu úr sjóðnum.
**Ekki var veittur styrkur úr styrktarflokki Spretti á árinu.

ERASMUS+

Töluverðar breytingar urðu í rekstri Erasmus+ þegar Rannís tók við rekstri æskulýðshluta Erasmus+ um mitt ár. Um 25% aukning varð á fjármagni til ráðstöfunar en fjöldi umsókna og samninga jókst um meira en helming því fleiri styrkir eru til smærri verkefna. Þá bættist við nýr verkefnaflokkur í umsjá Landskrifstofu Erasmus+ sem er stuðningur við stefnumótun, en veittir eru styrkir til að skipuleggja viðburði sem gefa ungu fólki tækifæri til að eiga samtal við ráðamenn um málefni samfélagsins og um þau málefni sem brenna á ungu fólki. Fjöldi einstaklinga sem njóta góðs af styrkjum sem Rannís úthlutar vex einnig umtalsvert með yfirfærslu æskulýðshlutans.

Í æskulýðshlutanum eru þrjár úthlutanir á ári en að jafnaði bara ein úthlutun í menntahlutanum. Við yfirfærslu rekstursins tók Rannís við öllum skuldbindingum og opnum samningum við styrkþega og því er hér gerð grein fyrir heildarumfangi ársins 2017. Gera má ráð fyrir að um 2.000 einstaklingar á öllum aldri verði á faraldsfæti næstu tvö árin með stuðningi sem úthlutað var 2017 frá Erasmus+ áætluninni.

Í heildina úthlutaði Landskrifstofan styrkjum samtals að upphæð um 7,4 milljónir evra á árinu, eða tæplega 900 m.kr. til 124 verkefna. Að auki voru gerðir samningar við 21 verkefni skóla sem stýrt er í öðrum löndum. Samtals voru því gerðir 145 samningar en heildarupphæð samninga var um 7,5 milljónir evra eða um 903 m.kr.

Árangurshlutfall umsókna var áfram hátt sem skýrist meðal annars af því að allir íslensku háskólanir taka þátt í nemenda- og starfsmannaskiptum og fá allir úthlutun. Samkeppnin er um hversu mikið fjármagn þeir fá. Sama á við um aðra hluta áætlunarinnar – úthlutun nemur rétt rúmum helmingi af því fjármagni sem sótt er um.

Erasmus+ miðað við fjölda umsókna

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólar*	54	38**	70%
Starfsnám	19	16	84%
Háskólar	15	13	87%
Fullorðinsfræðsla	12	10	83%
Æskulýðsstarf	73	47	64%
Samtals	173	124	72%

*Að auki 21 verkefni sem stýrt var af öðrum löndum. **Leik-, grunn- og framhaldsskólar

Erasmus+ miðað við upphæðir í m.kr.

FLOKKAR	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Skólar *	297	152	51%
Starfsnám	312	166	53%
Háskólar	588	293	50%
Fullorðinsfræðsla	121	88	73%
Æskulýðsstarf	329	191	58%
Samtals	1647	889	54%

*Í skólahlutanum voru gerðir samningar upp á 166 m.kr. sem er um 14 m.kr. hærra en það sem veitt var í flokknum.

LISTAMANNALAUN

Fjárveiting til starfslauna listamanna er um 631 m.kr. Úthlutað er einu sinni á ári, en auglýst er að hausti vegna starfslauna sem greidd eru af fjárlögum næsta árs á eftir. Umsóknarfrestur var 2. október. Störfum úthlutunarnefndanna sex lauk í byrjun desember 2017, en þær héldu ríflega 40 vinnufundi og tvo samráðsfundi. Á hverju ári eru til úthlutunar samtals 1.600 mánaðarlaun. Um verktakagreiðslur er að ræða og aðeins er greitt til einstaklinga. Fyrir árið 2018 var sótt um alls 9.053 mánuði eða 3.417 m.kr. Umsóknir voru alls 852 talsins frá einstaklingum og hópum (1.529 listamönnum). Úthlutun fengu 370 listamenn, starfslaun listamanna eru 377.402 krónur á mánuði.

Skipting umsókna milli sjóða og árangurshlutfall var eftirfarandi:

Listamannalaun - miðað við fjölda einstaklinga

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	121	37	31%
Launasjóður tónlistarflytjenda	164	49	30%
Launasjóður rithöfunda	216	79	37%
Launasjóður myndlistarmanna	245	76	31%
Launasjóður hönnuða	52	18	35%
Launasjóður sviðslista	731	111	15%
Samtals	1.529	370	24%

Listamannalaun - miðað við upphæðir í m.kr.

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Launasjóður tónskálda	384	72	19%
Launasjóður tónlistarflytjenda	376	68	18%
Launasjóður rithöfunda	872	209	24%
Launasjóður myndlistarmanna	1.017	164	16%
Launasjóður hönnuða	136	19	14%
Launasjóður sviðslista	632	72	11%
Samtals	3.417	604	18%

NÁMSORLOF KENNARA OG STJÓRNENDA FRAMHALDSSKÓLA

Alls bárust 123 umsóknir um Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla á árinu en umsóknirnar gilda fyrir veturinn 2018-2019. 107 framhaldsskólakennarar sóttu um orlof í eigin nafni, sem og fjórir skólameistarar. Jafnframt bárust 11 umsóknir frá skólum fyrir hönd kennara. Ein umsókn var ógild. Nefndin úthlutaði alls 38 stöðugildum til 40 einstaklinga, 36 heilum orlofum og fjórum hálfum; 31 stöðugildi fór til kennara með einstaklingsumsóknir, þar af þrjú til skólameistarar, og sjö stöðugildum var úthlutað til kennara í gegnum skólaumsóknir.

27 konur fengu námsorlof að þessu sinni og 13 karlar. Meðallífdur orlofsþega var tæp 57 ár og meðalstarfsaldur þeirra var rúm 22 ár.

VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR

Fjárveiting til Vinnustaðanámssjóðs var 245 m.kr. á fjárlögum 2017 og var það óbreytt fjárhæð frá árinu áður. Rannís hélt áfram samstarfi við IDUNA fræðslusetur og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins um tiltekna þætti í framkvæmd styrkveitinganna. Samtals var sótt um styrki fyrir 700 nema í 19.477 vikur á árinu 2017. Út frá þeim upplýsingum ákvað stjórn Vinnustaðanámssjóðs að hækka styrkgreiðslur upp í 13.000 krónur fyrir hverja viku í vinnustaðanami en styrkupphæðin hafði numið 12.000 krónum frá árinu 2013. Nam því heildarúthlutun vilyrða á árinu 253,2 m.kr.

INNVIÐASJÓÐUR

Á árinu bárust alls 70 gildar umsóknir í Innviðasjóð og voru 24 þeirra styrktar eða um 34% umsókna. Sótt var um rúmlega 644 m.kr. en tæplega 201 m.kr. veittar eða um 31% umbeðinnar upphæðar. Í boði voru fjórar styrktegundir: Aðgengisstyrkur, Tækjakaupstyrkur, Uppbyggingarstyrkur og Uppfærsla-/Rekstrarstyrkur.

Innviðasjóður - miðað við fjölda umsókna

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Tækjakaup	49	18	37%
Uppbygging	14	4	29%
Uppfærsla/Rekstur	7	2	29%
Aðgengi	0	0	-
Samtals	70	24	34%

Innviðasjóður - miðað við upphæðir í m.kr.

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Tækjakaup	443	157	35%
Uppbygging	157	38	24%
Uppfærsla/Rekstur	44	6	15%
Aðgengi	0	0	-
Samtals	644	201	31%

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

Styrkir til íslenskukennslu fyrir útlendinga eru veittir einu sinni á ári skv. reglugerð sem samþykkt var í árslok 2015 og fer sú úthlutun fram í upphafi árs. Á árinu 2017 var ákveðið að veita aukafjármagn til íslenskukennslu á haustönn. Fjárveiting til íslenskukennslu var 120 m.kr. á árinu. Alls bárust 23 umsóknir fyrir um 243,1 m.kr. og fékk 21 þeirra styrk upp á samtals 137,2 m.kr. Einni umsókn var hafnað og annað fyrirtæki skilaði styrknum og nam því styrkveiting í þessari lotu samtals 136,9 m.kr. Á haustmánuðum var lýst eftir umsóknum um aukafjármagn til íslenskukennslu og sóttu 13 fyrirtæki um aukastyrk. Þau fengu öll aukafjárveitingu upp á alls 10,4 m.kr. Skerða þurfti styrk nokkurra fyrirtækja þar sem þau stóðu ekki við tilskilinn nemenda- eða námskeiðafjölda og nam heildarfjárveiting til íslenskukennslu útlendinga á árinu því alls tæpum 146,5 m.kr. Samtals héldu viðurkenndar fræðslustofnanir 501 námskeið á árinu fyrir 5.982 nemendur með aðstoð þessara styrkja.

STYRKIR TIL ATVINNULEIKHÓPA

Styrkir til atvinnuleikhópa haldast í hendur við úthlutun listamannalauna og rann umsóknarfrestur sjóðanna út á sama degi, 2. október 2017. Félag íslenskra leikara tilnefndi sömu þrjú einstaklinga í leiklistarráð og í úthlutunarnefnd starfslaunasjóðs sviðslistafólks. Til hagræðingar þurfa leikhópar aðeins að fylla út eina umsókn til að sækja um atvinnuleikhópastyrk og listamannalaun. Fjárveiting til atvinnuleikhópa var hækkuð um 4 m.kr. frá árinu 2017 og er 99 m.kr. á fjárlögum 2018. Alls bárust 96 umsóknir frá 86 hópum. Sótt var um tæplega 622 m.kr. og úthlutað var 96,5 m.kr. til 17 verkefna.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

Nýsköpunarsjóður námsmanna er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Alls bárust 215 umsóknir fyrir 322 háskólanema, en sótt var um laun í 932 mannmánuði eða rúmlega 217 m.kr. Að þessu sinni úthlutaði sjóðurinn 73 m.kr. og alls er úthlutað 314 mannmánuðum til 107 nemenda í 68 verkefnum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Fjöldi umsókna	215	68	32%
í m.kr.	217	73	34%
Fjöldi nemenda	322	107	33%
Mannmánuðir	932	314	34%

NORDPLUS

Alls bárust 582 umsóknir um styrki og hlutu 403 verkefni brautargengi. Úthlutunarhlutfall var frekar hátt að þessu sinni eða 69%. Alls var úthlutað 10,2 milljónum evra sem skiptust á milli 3.115 stofnana sem taka þátt í samstarfsverkefnum og námsferðum. Nordplus skiptist í fimm undirátlanir en Rannís hefur umsókn með Nordplus á Íslandi og er einnig umsýsluadili fyrir tungumálahlutann. Alls fengu 134 íslenskir aðilar styrk frá Nordplus 2017.

TÓNLISTARSJÓÐUR

Tónlistarsjóði bárust 307 umsóknir að heildarupphæð 304 m.kr. í tveimur umsóknarlotum. Umsóknarfrestir voru til 15. nóvember 2016 og 15. maí 2017. Sjóðurinn fékk 66,5 m.kr. úthlutað á fjárlögum 2017 en fjárveiting var hækkuð um tæpar 2 milljónir króna frá árinu 2016. Heildarupphæð styrkja á árinu er samtals um 64,5 m.kr. Hægt var að styrkja 113 verkefni en á árinu voru ekki gerðir samningar til tveggja eða þriggja ára.

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Fjárveiting til Þróunarsjóðs námsgagna nam 55 m.kr. á árinu og var óbreytt frá árinu áður. Stjórn sjóðsins ákvað að hafa upphæð hámarksstyrks einnig óbreytta frá árinu áður, eða 1,75 m.kr. Eins og árið á undan sóttu flestir um hámarksstyrk. Sjóðnum bárust 92 umsóknir og námu samanlagðar fjárbeiðnir um 138,5 m.kr. Meðalupphæð styrkbeiðna var um 1,5 m.kr. 39 umsóknir féllu undir forgangsatríði ársins sem voru þrjú: námsgögn fyrir innflytjendur vegna tungumálakennslu og tvítyngis, námsefni í fjármálalæsi þvert á skólastig og námsgögn fyrir starfsnám. 53 umsóknir féllu undir önnur áhersluatriði. Styrkir voru veittir til 34 verkefna fyrir alls 51,2 m.kr. Meðalstyrkupphæð nam 1,5 m.kr.

SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Venju samkvæmt var boðið upp á tvær tegundir umsókna til Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara á árinu, annars vegar fyrir sumarnámskeið og hins vegar fyrir gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki. Sótt var um styrk fyrir 27 sumarnámskeið á árinu og fengu 25 þeirra styrk. Einni umsókn var hafnað og ein var dregin til baka. Sótt var um námskeið fyrir alls 687 kennara en þegar upp var staðið höfðu 658 kennarar sótt sumarnámskeiðin. Þrjú námskeið voru haldin erlendis og 22 voru haldin á Íslandi, þar af 11 hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og 11 sem dreifðust á átta aðrar stofnanir. Heildarupphæð styrkja til sumarnámskeiða að loknum uppgjörum nam 20,2 m.kr. á árinu.



Lokið var við endurskoðun á nýrri 5 ára Nordplus áætlun 2. nóvember 2017. Fjármagn til úthlutunar í Nordplus helst óbreytt á tímabilinu 2018-2022, rúmlega 9 milljónir evra á ári. Að stærstu leyti helst áætlunin óbreytt, fyrir utan tungumálaáætlunina. Þar er aðallega um tæknilegar breytingar að ræða, sem eiga að gera áætlunina meira aðlaðandi. Heiti áætlunarinnar á ensku og skandinavísku hefur verið breytt. Hún heitir nú „Nordplus Nordic Languages“ á ensku og „Nordplus Nordens Sprog“ á skandinavísku. Tungumál sem falla undir hugtakið „norræn tungumál“ eru danska, færeyska, finnska, grænlenka, íslenska, norska, samíska, sænska og táknmál. Lágmarksfjöldi þáttökulanda er nú tvö lönd í stað þriggja og eigið framlag hefur verið minnkað í 25% en var áður 50%. Umsóknir má skrifa annaðhvort á skandinavísku eða ensku. Umsækjendur geta nú í fyrsta skipti sótt um styrk vegna launakostnaðar við þróun eða framleiðslu á afurðum í Nordplus tungumálaáætluninni. Það getur falið í sér gerð námskrár, námsefnis, greiningar, rannsóknar o.s.frv.

Notkun Europass ferilskrárinna sló nýtt met á árinu.

Það sem vakti sérstaka athygli var að fjöldi ferilskráa hefur minnkað en fjöldinn á öðrum tungumálum hefur aukist. Þar sker enskan sig úr og virðist því að fólk búsett á Íslandi noti Europass ferilskrána einkum þegar það sækir um nám eða störf erlendis.

60 umsóknir bárust um gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki á árinu frá samtals 35 stofnunum, 20 faggreinafélögum og 15 skólum. Var sótt um styrki fyrir hönd 89 einstaklinga, 28 gestafyrirlesara og 61 ráðstefnufara fyrir alls 17,5 m.kr. Hlutu alls 34 stofnanir styrk fyrir samtals 28 gestafyrirlesara og 57 ráðstefnufara. Tveimur umsóknum var hafnað. Samtals var veitt 16,5 m.kr. í gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki.

STARFSLAUNASJÓÐUR SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA

Alls hlutu 19 sjálfstætt starfandi fræðimenn styrk úr Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna eða um 35% umsækjenda. Úthlutað var rúmlega 44 m.kr. í launastyrki eða tæplega 29% umbeðinnar upphæðar. Úthlutunarhlutfall karla vegna starfslauna var um 29% og hlutu 12 karlar starfslaun að upphæð rúmlega 24 m.kr. Úthlutunarhlutfall kvenna er 30% og hlutu sjö konur starfslaun að upphæð tæplega 20 m.kr.

HLJÓÐRITASJÓÐUR

Á árinu bárust samtals 248 umsóknir og fengu 109 styrk til hljóðritunar tónlistar, samtals um 38 m.kr. Heildarfjárveiting til sjóðsins var 40,9 m.kr.

MÁLTÆKNISJÓÐUR

Fjárveiting í Máltækniþjóð jókst um 33% árið 2017 miðað við 2016, og fjöldi umsókna nær tvöfaldaðist á sama tímabili. Úthlutað var til fjögurra verkefna samtals 38,6 m.kr.

ÍPRÓTTASJÓÐUR

Á fjárlögum voru 20 m.kr. til ráðstöfunar í Íþróttasjóð. Auk þess gat sjóðurinn úthlutað fjármunum vegna eldri styrkja sem höfðu ekki verið nýttir. Einn umsóknarfrestur var og bárust 127 umsóknir um 114 m.kr. í styrki. Að tillögu íþróttanefndar ákvað ráðherra að úthluta styrkjum til 77 verkefna að upphæð 20,5 m.kr. Þar af fengu 77 verkefni styrk til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkara, 21 fræðslu- og



Kynningarmyndband um íslenska hæfnirammann

Mikil vinna var lögð í kynningu á íslenska hæfnirammanninum um menntun, bæði hérlendis og erlendis. Meðal annars voru gerð tvö kynningarmyndbönd, annað á íslensku og hitt á ensku. Íslenski hæfniramminn er í sjö þrepum þar sem mismunandi þekkingu, leikni og hæfni er lýst. Tekin eru dæmi um hvernig mismunandi námslok raðast á þrep og hvernig ramminn tengist hæfniramma Evrópu.

Gæðaráð íslenskra háskóla birti í mars nýja handbók um aðra rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum (Quality Enhancement Framework; QEF2), og hélt af því tilefni ráðstefnu í Háskóla Íslands.

Nýja handbókin segir til um framkvæmd áætlunarinnar, sem m.a. felur í sér gæðaúttektir á starfi íslensku háskólanna. Nýmæli er að í fyrsta sinn munu úttektir sem eru framkvæmdar samkvæmt áætluninni fela í sér mat á umgjörð rannsókna í háskólunum. Sú breyting varð á Gæðaráði að Andrée Surssock var skipuð formaður ráðsins í stað Norman Sharp, sem hefur verið formaður Gæðaráðs frá stofnun þess. Andrée Surssock starfar hjá háskólasamtökum Evrópu (European University Association) og er virtur álitsgjafi um allan heim um háskólamál. Þá voru tveir virtir fræðimenn um gæðastarf í háskólum skipaðir í Gæðaráð. Ellen Hazelkorn og Philip Winn, komu í stað Tove Bull og Ritu McAllister. Í fyrsta skipti skipuðu Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) fulltrúa nemenda í Gæðaráð og valdist til þess Robert Henthorn frá Skotlandi.

útbreiðsluverkefni fengu styrk og sex verkefni vegna rannsókna í íþróttafraeðum. Meðalstyrkur var þannig rúmlega 161.000 kr. sem er það lægsta í þeim sjóðum sem Rannís þjónustar.

ARCTIC RESEARCH AND STUDIES – NORÐURSLÓÐAFRÆÐI

Á árinu bárust 19 umsóknir í áætlunina og var 10 styrkjum úthlutað, átta í langtímasamstarf og tveimur sóknarstyrkjum, að upphæð 18,3 m.kr. eða 146.160 evrur. Fyrst var úthlutað úr núverandi áætlun árið 2015 og þriðja og síðasta úthlutun var árið 2017. Ekki liggur fyrir ákvörðun um áframhald áætlunarinnar sem fjármögnuð er af utanríkisráðuneytum Íslands og Noregs og styrkir tvíhliða samstarf á milli landanna.

ÆSKULÝÐSSJÓÐUR

Fjárveiting til Æskulýðssjóðs var um 9 m.kr. á fjárlögum ársins. Auk þess gat sjóðurinn úthlutað fjármunum vegna eldri styrkja sem höfðu ekki verið nýttir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað að fækka umsóknarfrestum úr þremur í tvo á árinu. Bárust 76 umsóknir sem er 11% fjölgun frá fyrra ári en upphæðin sem sótt var um, 61 m.kr., er örlítið lægri en árið 2016. Veittir voru 24 styrkir að upphæð um 9,3 m.kr. sem er rúmlega 10% lækkun frá fyrra ári. Meðalstyrkur var því um 388 þúsund á verkefni.


JULES VERNE

Auglýst er eftir umsóknum annað hvert ár í Jules Verne sem er samstarfsverkefni Frakklands og Íslands á sviði vísinda- og tæknirannsókna. Mennta- og menningarmálaráðuneytið stýrir samstarfinu fyrir hönd Íslands en Rannís sér um framkvæmd verkefnisins. Styrkir eru veittir til ferða- og dvalarkostnaðar fyrir vísindamenn og áhersla er á að styrkirin nýtist ungu vísindafólki. Alls bárust 10 umsóknir og var ákveðið að styrkja 6 samstarfsverkefni samtals að upphæð 4 m.kr.

RANNSÓKNARSJÓÐUR SIGRÚNAR ÁSTRÓRAR SIGURÐARDÓTTUR OG HARALDS SIGURÐSSONAR

Alls bárust 7 umsóknir um styrki til Rannsóknarsjóðs Sigrúnar Ástrórar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Sótt var um rúmlega 6 m.kr. Úthlutað var til allra verkefnanna, samtals 3,8 m.kr. eða um 51% umbeðinnar upphæðar.

FJÖLDI UMSÓKNA OG SAMPYKKTRA UMSÓKNA





ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Alþjóðlegt samstarf er umfangsmikið í starfsemi Rannís og mikilvægur þáttur í daglegu starfi. Evrópskt og norrænt samstarf eru stærstur hluti af þessu alþjóðlega samstarfi og hefur hlutverk stofnunarinnar þróast í þá átt að verða helsti þjónustuaðilinn á Íslandi við formlegt alþjóðlegt samstarf. Með yfirfærslu á æskulýðshluta Erasmus+ sem átti sér stað um mitt ár 2017 má segja að lokið hafi samrunaferli sem hófst árið 2013 með yfirfærslu mennta- og menningaráætlana til Rannís. Stofnunin sinnir nú umsýslu með öllum helstu áætlunum sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES-samningsins.

Helstu áætlanir sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES-samningsins

Horizon 2020
rannsókn- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins

Erasmus+
mennta-, æskulýðs- og iþróttáætlun Evrópusambandsins

Creative Europe
menningar- og kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins

Uppbyggingarsjóður EES
rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning

EVROPSKAR SAMSTARFSÁÆTLANIR

Aðgangur að fjármagni í alþjóðlegri samkeppni er mikilvægur prófsteinn á innlenda aðila og þar hefur árangur Íslands verið mjög góður. Styrkveitingar til íslenskra aðila eru þó alls ekki mikilvægasti mælikvarðinn, heldur aðgangur að fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun, mannauði og menningartengslum. Þannig nemur fjárfesting Evrópusambandsins í verkefnum styrktum af Horizon 2020 sem íslenskir aðilar hafa tekið þátt í árin 2014 til 2017 um 76 m.kr. á meðan beinir styrkir til íslenskra aðila nema rúmum 7 m.kr.

Horizon 2020

Íslenskir aðilar eru sterkir á sviði orkurannsókna, fæðu og líftækni sem skila stórum Horizon 2020 styrkjum. Einnig hefur verið nokkuð góður árangur á sviði heilbrigðisvísinda og upplýsingatækni og íslenskir aðilar eru að sækja í sig veðrið á sviðum samgöngu- og umhverfisrannsókna. Háskóli Íslands hefur verið virkur í að sækja um styrki í Horizon 2020 og endurspeglast það m.a. í góðu gengi í Marie Curie áætluninni sem hefur það að markmiði að stuðla að því að vísindamenn nái lengra á sínu sviði með því að styðja við þjálfun þeirra og starfsþróun. Annað sem er eftirtektarvert varðandi þátttöku Íslands í Horizon 2020 er gott gengi íslenskra vísindamanna í Evrópska rannsóknaráðinu (ERC) sem veitir aðeins framúrskarandi vísindamönnum styrki. Nú þegar hafa fjórir íslenskir vísindamenn fengið styrk frá ERC sem geta numið allt að 2 milljónum evra. Íslensk fyrirtæki hafa einnig verið öflug í sókn í Horizon 2020 og þá sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki. Nú þegar hafa 35 lítil og meðalstór fyrirtæki fengið svokallaða fasa-1-styrki sem skila hverju og einu fyrirtæki 50.000 evrum og er því heildarstyrkur til íslenskra fyrirtækja 1.750 þús. evrur, þrjú fyrirtæki hafa fengið fasa-2-styrki sem geta numið allt að 2 milljónum evra.

Erasmus+

Allir íslenskir háskólar fá árlega styrki úr Erasmus+ áætluninni, auk margra framhalds- og grunnskóla og aðila í fullorðinsfræðslu og æskulýðsstarfi. Áhrifin eru mun meiri en unnt er að mæla með þeim tæplega milljarði króna sem úthlutað var árið 2017 úr Erasmus+ til íslenskra aðila, eða með því að benda á að yfir 1.500 Íslendingar njóta árlega styrkja.

Samstarfið er gagnkvæmt og fólk, þekking og nýsköpun skilar sé inn í íslenskt menntakerfi eftir mörgum leiðum. Fjöldi þeirra sem koma til Íslands er nærri helmingi meiri en þeirra sem fara sem er til marks um það hversu mikill áhugi er á samstarfi við íslenskar stofnanir. Þannig hafa gagnkvæm skipti á nemendum og kennurum haft mjög mikla þýðingu við alþjóðavæðingu háskólanna og hafa stutt við aukið erlent rannsóknasamstarf þeirra og sambirtingar með evrópskum vísindamönnum.

Creative Europe

Creative Europe styrkir skapandi greinar og eflir menningarlega fjölbreytni á sviði kvikmynda, lista og menningar. Kvikmyndahluti Creative Europe, MEDIA, hefur verið mikilvægur fyrir framleiðslu og dreifingu á íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Árið 2017 var metár hvað varðar fjölda umsókna, árangurshlutfall og heildarupphæð styrkja og er það til marks um sterka stöðu íslenskra aðila á þessum markaði. Í menningarhluta Creative Europe er mikil samkeppni og árangurshlutfall umsókna fremur lágt en íslenskir aðilar hafa þó verið duglegir að taka þátt í áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum.

Á árinu voru þrjú íslenskir aðilar í verkefnum sem fengu úthlutun úr Creative Europe, í tveimur samstarfshópum og einu samstarfsverkefni.

- Iceland Airwaves tekur þátt í samstarfsverkefninu Keychange sem er stýrt af PRS Foundation í Bretlandi. Heildarfjármögnun verkefnisins er 200.000 evrur. Markmið verkefnisins er að auka þátttöku kvenna í tónlistargeiranum og koma tónlistarkonum á framfæri.



Úr sjónvarpsþáttaröðinni Ófærð

Árið var gjöfult fyrir íslensk kvikmyndafyrirtæki. Enn og aftur var nýtt met slegið í úthlutunum til íslenskra fyrirtækja í MEDIA. Úthlutað var ríflega 1,1 milljón evra eða um 138 m.kr. til íslenskra umsækjenda. Í fyrsta skipti fengu tvær íslenskar spennuþáttaraðir styrki samtímis, sem er frábær árangur og ber vitni um færni okkar fagfólks í hljóðmyndræna geiranum. RVK Studios fékk 500.000 evrur fyrir framleiðslu sjónvarpsþáttaraðarinnar Ófærðar og Sagafilm fékk 318.139 evrur fyrir sjónvarpsþáttaröðina Flateyjargátuna.

- ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar er þátttakandi í verkefninu European Talent Exchange Programme. Markmið verkefnisins er að auðvelda uppsetningu sýninga og auka ferðir listamanna landa á milli í Evrópu.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands er þátttakandi í verkefninu Distributed Design Market Platform sem snýst um þróun á Fablabs.io, korti yfir rúmlega 1.000 stafrænar smíðjur í 40 löndum.

Uppbyggingarsjóður EES

Ísland greiðir til Uppbyggingarsjóðs EES vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja samfélagslega innviði þeirra 16 ESB-ríkja sem lakar standa í efnahagslegu tilliti. Sjóðnum er einnig ætlað að styrkja samstarf þessara ESB-ríkja við EFTA-löndin sem leggja til fjármagn í sjóðinn. Á árinu var gengið frá samningum um þjónustu Rannís á yfirstandandi tímabili sjóðsins frá 2014-2021. Fjárveitingar til reksturs þjónustuskrifstofunnar verða minni en vonir stóðu til en Rannís mun eftir sem áður veita þjónustu varðandi rannsóknir og nýsköpun, sem mun fá stærri hluta þess fjármagns sem er til ráðstöfunar en áður, og varðandi menningar- og menntasamstarf. Þátttaka íslenskra aðila í verkefnum styrktum af sjóðnum hefur verið umtalsverð á síðustu árum og á árinu 2017 var unnið að undirbúningi samninga og áætlana í styrkþegaríkjunum sem mun verða úthlutað á næstu þremur árum.

ERA-NET

Samstarf íslenskra rannsóknasjóða í ERA-netum gerir íslenskum fyrirtækjum og stofnunum kleift að taka þátt í fjölbjóðlegum rannsóknaverkefnum á völdum sviðum. Rannís tekur þátt í nokkrum slíkum verkefnum sem styrkja rannsóknir og þróun. Hvert ERA-net hefur eigin áherslusvið, þátttökureglur og umsóknarfresti.

ERA-netin sem Rannís tók þátt í á árinu:

HERA er samstarfsnet á sviði hugvísinda með þátttöku 21 fjármögnunaraðila í Evrópu.

NORFACE er samstarfsnet 16 fjármögnunaraðila í Evrópu á sviði félagsvísinda. Tilgangur þess er að stuðla að samstarfi í rannsóknum í félagsvísindum, m.a. með því að bjóða upp á rannsóknastyrki til ákveðinna viðfangsefna.

Tvö ERA-net verkefni tengjast lífríki hafsins:

COFASP á sviði fiskveiða, fiskeldis og framleiðslu sjávarafurða, með þátttöku 26 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum.

Marine Biotechnology (ERA-MBT) á sviði sjávarlíftækni með þátttöku 20 fjármögnunaraðila frá 15 Evrópulöndum.

COFASP verkefninu lauk í upphafi árs 2017, en ERA-MBT í lok árs. Unnið var að undirbúningi framhalds þessara verkefni með ERA-Cofund Blue biotechnology, en ákvörðun verður tekin í Brussel á fyrri hluta árs 2018. Rannís, í gegnum Tækniþróunarsjóð, hefur tekið þátt í fjármögnun íslenskra sérfræðinga í verkefnum sem hafa verið styrkt.

ERA-GEOTHERMICA er framhald fyrra verkefnis á sviði jarðvarma, ERA-Geothermal. Alls taka 14 stofnanir frá 13 löndum þátt í þessu verkefni.

Það var auglýst eftir umsóknum í GEOTHERMICA á árinu og hafði Rannís umsjón með umsókna- og fagráðskerfi. Alls bárust 35 umsóknir og eru nú 12 verkefni komin í lokamat, þar af fjögur með íslensku þátttöku. Það er Tækniþróunarsjóður sem styrkir íslenska þátttöku.

M-ERA.NET 2 er samstarfsnet á sviði efnisvísindum. Um er að ræða samstarf 32 fjármögnunaraðila frá 23 löndum innan Evrópusambandsins og EFTA, ásamt Rússlandi, Japan og Taívan. Eitt verkefni með íslensku þátttöku er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

NORRÆNT SAMSTARF

Samstarf milli Norðurlandanna á starfssviði Rannís á sér langa sögu og tekur stofnunin þátt í nefndum á vegum ráðherraráðsins auk þess að eiga gott samstarf við NordForsk og Nordic Innovation. Rannís fjármagnar nokkur samstarfsverkefni á vegum NordForsk sem hafa skilað góðum ávinningi fyrir íslenskt rannsóknarsamfélag. Í lok ársins var Rannís falin umsjón með þátttöku í nýrri slíkri áætlun um menntarannsóknir sem ber heitið Education for Tomorrow.

Rannís stýrir þátttöku í NOS-verkefnum:

NOS-M er samstarfsvettvangur þar sem tilgangur samstarfsins er að samræma og efla rannsóknir í heilbrigðisvísindum á Norðurlöndum.

NOS-N er samstarfsvettvangur rannsókna í raunvísindum og náttúruvísindum.

NOS-HS er samstarfsvettvangur á vegum fjármögnunaraðila rannsókna á Norðurlöndum í hug- og félagsvísindum. Boðið er upp á styrki til að standa straum af kostnaði vegna vinnusmiðja (workshops). Rannsakendur sem starfa að rannsóknum í hug- og félagsvísindum og skyldum greinum geta sótt um styrk, en að minnsta kosti skulu þrjú Norðurlandanna koma að hverri umsókn, þar sem skipulagðar eru tvær til þrjár vinnusmiðjur í röð. Árið 2017 fóru fjórir styrkir til Háskóla Íslands.

Nordplus

Rannís rekur landskrifstofu fyrir norrænu menntaáætlunina Nordplus þar sem Rannís ber ábyrgð á tungumálahlutanum. Felur áætlunin í sér umtalsverð nemenda- og kennaraskipti, en árlega fara 600 til 800 manns til Norðurlandanna með stuðningi frá Nordplus og svipaður fjöldi kemur til Íslands. Lokið var við endurskoðun á Nordplus áætluninni á árinu fyrir nýtt fjögurra ára tímabil frá ársbyrjun 2018.

ALPJÓÐLEGA NORÐURSKAUTSVÍSINDA-NEFNDIN (IASC)

Í upphafi árs tók skrifstofa Alþjóðlegru norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC) til starfa í rannsóknarhúsinu að Borgum á Akureyri, samkvæmt samkomulagi á milli nefndarinnar og Rannís. Auk vísindastofnana í norðurskautsríkjunum átta eiga aðild að IASC vísinda- og rannsóknarstofnanir í Austurríki, Bretlandi, Frakklandi, Ítalíu, Japan, Hollandi, Indlandi, Póllandi, Portúgal, Kína, Kóreu, Spáni, Sviss, Tékklandi og Pýskalandi. IASC stuðlar að samstarfi um vöktun og rannsóknir á norðurslóðum. Og sem áheyrnaraðili að Norðurskautsráðinu gegnir nefndin mikilvægu hlutverki við miðlun upplýsinga frá vísindasamfélaginu til ráðsins um niðurstöður rannsókna á breytingum í náttúruferlinum norðurslóða. Eitt helsta samstarfsverkefni Norðurskautsráðsins og IASC er Sustaining Arctic Observing Networks (SAON) en tilgangur samstarfsins er að efla og styðja uppbyggingu á samræmdum og alþjóðlegum vöktunar- og upplýsingakerfum sem ná til alls norðurskautssvæðisins.

Starfsemi IASC fer að miklu leyti fram í fimm vinnuhópum, um landræn kerfi, gufuhvolf, hafvísindi, mann- og félagsvísindi og fræðihvolf. Þátttökuríkin útnefna að jafnaði tvo meðlimi í hvern vinnuhóp. Þeir eru í senn fulltrúar innlendra vísinda- og rannsóknarstofnana gagnvart hinu alþjóðlega vísindasamfélagi, sem og talsmenn IASC og helstu tengiliðir við starfsemi vinnuhópanna. Hóparnir funda, ásamt vísindaráði IASC, að vori ár hvert á vikulangri vísindaráðstefnu (Arctic Science Summit Week) til að leggja línurnar og móta stefnuna í starfi IASC. Á síðasta ári skipulögðu vinnuhóparnir yfir tuttugu alþjóðlegar málstofur og verkefni og studdu jafnframt sjöttíu unga vísindamenn til þátttöku.

Íslenskir vísindamenn taka virkan þátt í starfi allra þessara hópa og miðla þannig á áhrifaríkan hátt þekkingu íslenskra sérfræðinga. Þorsteinn Gunnarsson á sæti í vísindaráði IASC fyrir hönd Rannís og heldur utan um þátttöku Íslands.

Á skrifstofu IASC starfa þrjár sérfræðingar í málefnum norðurslóða, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Skrifstofan styður við og nýtur góðs af þeirri sérfræðipækkingu sem byggst hefur upp á Akureyri og liggur til grundvallar öfluglu norðurslóðasamfélaga á svæðinu. Samstarf IASC og annarra stofnana og skrifstofa sem reka starf sitt á Akureyri eflast á liðnu ári og nýjum verkefnum var ýtt úr vör í samvinnu við til að mynda Norðurslóðanet Íslands, Rannsóknarþing norðursins (NRF), Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og CAFF, vinnuhóp Norðurskautsráðsins um verndun lífríkis.



Í Evrópsku starfsmenntavikunni sem haldin var í nóvember var sjónum beint að vinnustaðanámi og framhaldsfræðslu á sviði starfsmenntunar.


Landskrifstofa Erasmus+ og EPALE, ásamt IÐUNNI og mennta- og menningarmálaráðuneytinu, stóðu fyrir viðburði í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs. Ráðuneytið sendi hvatningu til starfsmenntaskóla um að taka þátt og með því að auglýsa viðburðinn var vakinn athygli á starfsmenntun. Þá voru haldnar kynningar á nemendaskiptum í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, Menntaskólanum í Kópavogi og Borgarholtsskóla.

Til Íslands

2745 stúdentar frá 38 löndum

Frá Íslandi

1154 stúdentar til 32 landa



Flæði háskólastúdenta til og frá Íslandi 2014-2017

Myndin sýnir annars vegar hvaðan flestir erlendu stúdentarnir koma til Íslands og hins vegar vinsælustu áfangastaði íslenskra stúdenta (sum verkefni eru enn virk og tölur því ekki endanlegar).



Frá afmælishátíð Erasmus+ í Hörpu 8. nóvember

ERASMUS+ SAMFERÐA Í 30 ÁR

30 ára afmæli Erasmus+ áætlunarinnar og forvera hennar var fagnað í ár í öllum ríkjum sem taka þátt í áætluninni. Á þessum tíma hafa yfir 9 milljónir Evrópubúa notið stuðnings frá áætluninni sem er orðin að flaggskipi Evrópusambandsins, enda nýtur áætlunin stuðnings og trausts bæði almennings og stjórnmalamanna.

Fáar þjóðir hafa nýtt sér Erasmus eins vel og Íslendingar. Nærrí 10% þjóðarinnar hafa þannig tekið beinan þátt og sem hlutfall af fólksfjölda er þátttakan næst mest allra þeirra ríkja sem taka þátt í áætluninni. Fjöldi Evrópubúa sem hefur komið til Íslands er enn meiri en fjöldi Íslendinga sem farið hefur utan og því hafa áhrifin á íslenskt mennta- og æskulýðskerfi verið mikil og átt ríkan þátt í þeirri alþjóðavæðingu sem orðið hefur á íslensku samfélagi á síðustu árum.

Nokkrar staðreyndir um Erasmus+	
6.600	Íslendingar hafa farið utan í skiptinám við evrópska háskóla
9.900	Íslendingar hafa tekið þátt í æskulýðssamstarfi
2.200	Íslenskir starfsmenn hafa notið stuðnings til náms og starfsþjálfunar í Evrópu
9.400	Íslenskir starfsmenn í mennta- og æskulýðsgeiranum hafa farið í heimsóknir til Evrópu
600	Íslenskir sjálfbóðaliðar hafa farið til útlanda

Á árinu voru skipulagðir 1.900 viðburðir í tengslum við afmælið í 44 löndum og er talið að um 750 þúsund manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldum og umræðum. Þá birtust á árinu 65.000 fréttir í fjölmiðlum. Megin viðburðurinn á Íslandi var haldinn í Hörpu 8. nóvember og sóttu hann nærri 300 manns. Á afmælishátíðinni voru veittar gæðaviðurkenningar Erasmus+ fyrir framúrskarandi Evrópuverkefni og hlutu sex verkefni, sem hafa verið styrkt af áætluninni, viðurkenningarnar í ár. Auk verðlaunaverkefnanna veitti mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, Evrópumerkið, viðurkenningu á sviði tungumálanáms og kennslu.

Í tilefni af 30 ára afmæli Erasmus+ var veitt sérstök heiðursviðurkenning sem forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson veitti. Fór hún til LungA, sem hefur í meira en áratug nýtt sér fjölbreytta styrki í æskulýðshluta Erasmus+ til að byggja upp fjölbjóðlega listahátíð og LungA skólann, fyrsta lýðháskóla á Íslandi. Unnið er út frá hugmyndafræðinni um styrkingu sjálfins í gegnum listir og skapandi vinnu.

Gerð voru stutt kynningarmyndbönd um öll verkefni sem fengu viðurkenningu á afmælishátíðinni. Í árslok var búið að horfa á þau 70.000 sinnum á Facebook. Þá fylgdi sérblað um Erasmus+ Fréttablaðinu sama dag og hátíðarhöldin fóru fram en blaðið er borið inn á 80.000 heimili í landinu. Erasmus+ fór því víða á árinu.

Verðlaunagripur: Erasmusinn 2017

Höfundar verðlaunagrips gæðaviðurkenninga Erasmus+ eru þær Anna Gulla Eggertsdóttir og Salvör Káradóttir, nemendur við mótunardeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Þær lýsa honum svona: „Þegar tveir einstaklingar með mismunandi bakgrunn hittast og upplifa eitthvað saman skapast ný þekking. Erasmus+ er ákveðið verkfæri sem hvetur einstaklinginn til að auka vísýni sína og þroska með því að afla sér nýrrar þekkingar. Erasmusinn í ár er verkfæri, hann er gipsmót. Með því að hella saman ólíkum menningarheimum inn um skrárgatið skapast tvær hálfkúlur sem tengjast órjúfanlegum böndum. Þekking á heiminum eykst.“



Erasmusinn, verðlaunagripur gæðaviðurkenninga Erasmus+ 2017

Þessi verkefni hlutu gæðaviðurkenningar Erasmus+ í ár

Flokkur	Skóli/stofnun	Heiti verkefnis
Háskólastig	Listaháskóli Íslands	Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf
Leik-, grunn og framhaldsskólastig	Skólaþjónusta Árborgar	Nám, störf og lærdómssamfélag
Starfsnám	Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins	Deilt til árangurs
Fullorðinsfræðsla	EVRI	Til móts við próttmikil þriðja æviskeið
Æskulýðsstarf	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	Út fyrir þægindarammann
eTwinning - rafrænt skólasamstarf	Leikskólinn Holt, Reykjanesbæ	Gegnum lýðræði til læsis
Evrópumerkið	Borgarbókasafn	Menningarmót - Fljúgandi teppi
Heiðursviðurkenning	LungA	Samfélagsleg sjálfbærni



MANNAUÐUR

Í árslok 2017 voru starfsmenn Rannís 49 í 46,24 stöðugildum að forstöðumanni meðtöldum. Einn starfsmaður er í leyfi vegna vistaskipta, en hann gegnir starfi fulltrúa mennta- og menningarmála-ráðuneytisins í Brussel til 28. febrúar 2018. Hann er ekki talinn með í tölflu.

Dreifing mannaúðs á milli sviða


SVIÐ	Fj. starfsm.	Stg.	KVK Stg.	KK Stg.
Rekstrarsvið	9,0	8,25	6,2	2,05
IASC skrifstofa	2	1,75	0	1,75
Mennta- og menningarsvið	20,0	19,5	12,8	6,7
Alþjóðasvið	5,0	3,94	2,0	1,94
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	12,0	11,8	5,8	6,0
	48,0	45,24	26,8	18,44

Níu starfsmenn unnu á rekstrarsviði í 8,25 stöðugildum að forstöðumanni meðtöldum. Auk þess eru tveir starfsmenn á skrifstofu Alþjóðlegru norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC) á Akureyri í 1,75 stöðugildum. Stöðugildum á sviðinu hefur fjölgað vegna tilkomu skrifstofu IASC. 20 starfsmenn eru á mennta- og menningarsviði í 19,5 stöðugildum, en þar fjölgaði stöðugildum um 2 á milli ára. Þrjú ný stöðugildi bættust við sviðið á árinu, en ekki var ráðið í eitt stöðugildi þegar starfsmaður lét af störfum. Á alþjóðasviði voru fimm starfsmenn eða jafnmargir og í upphafi árs, en einn starfsmannanna kaus að minnka starfshlutfallið og því fækkaði stöðugildum um rúmlega hálf. Á rannsókn- og

nýsköpunarsviði voru 12 starfsmenn í árslok í 11,8 stöðugildum og fjölgaði um einn starfsmann eða 1 stöðugildi á árinu enda var óráðið í stöðuna í upphafi ársins.

Starfsfólki fjölgaði um sex frá árslokum 2016 eða 4,69 stöðugildi. Óráðið var í 1 stöðugildi í árslok 2016 og því var raunhækkunin fimm starfsmenn eða 3,69 stöðugildi. IASC flutti skrifstofu sína til Íslands í upphafi árs og voru tveir starfsmenn ráðnir til starfa í 1,5 stöðugildum. Þann 1. júlí færðist æskulýðshluti Erasmus+ yfir til Rannís með þremur starfsmönnum í 3 stöðugildum. Stöðugildum fækkaði um 0,81 sem réðst annars vegar af ósk um lægra stöðugildi og hins vegar vegna tilfærslu verkefna í kjölfar mannbreytinga innan Rannís. Starfsmannavelta var 2% á árinu.

Fjöldi starfsmanna og stöðugildi 2015 - 2017



Af 46,24 stöðugildum í árslok 2017 voru sérfræðingar í 35,44 stöðugildum, almennir starfsmenn í 5,8 stöðugildum og sviðsstjórar í 4 stöðugildum auk forstöðumanns. Alls fjölgaði sérfræðingum um sex frá árslokum 2016 til ársloka 2017, en óráðið var í eitt stöðugildi í lok árs 2016 þannig að raunfjöldur var fimm starfsmenn og 3,69 stöðugildi. Fjöldunin skýrist af tilkomu alls fimm starfsmanna vegna opunar skrifstofu IASC og flutnings æskulýðshluta Erasmus+ frá Ungmennafélagi Íslands til Rannís og fækkunar stöðugilda um 0,81 í kjölfar starfsloka tveggja starfsmanna.

Einn starfsmaður var með tímabundna ráðningu í árslok 2017 en viðkomandi hóf störf um haustið sama ár.

LÍFALDUR STARFSMANNA OG ALDURSDREIFING

Meðalaldur starfsmanna í árslok 2017 var 49,6. Meðalaldur kvenna var 51,2 ár og karla 47,5 ár. Flestir starfsmenn eða 32,6% eru á aldrarsbilinu 41 til 50 ára, 24,5% eru á aldrarsbilinu 51 til 60 ára, 20,4% á bilinu 61 til 70 ára, 18,4% eru á bilinu 31 til 40 ára og fæstir eða 4,1% starfsmanna er 30 ára eða yngri.

Heildar-fjöldi starfsm.	Fjöldi 30 ára og yngri	Fjöldi 31-40 ára	Fjöldi 41-50 ára	Fjöldi 51-60 ára	Fjöldi 61-70 ára
49	2	9	16	12	10
100,0%	4,1%	18,4%	33,6%	24,5%	20,4%

FRÆÐSLA INNAN RANNÍS

Rannís leggur áherslu á að bjóða starfsfólki sínu fjölbreytta fræðslu með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði, ásamt því að bæta í senn árangur og starfsánægju. Með tilkomu starfsþróunarstefnu Rannís sem kynnt var í maí var unnin fræðsluáætlun fyrir starfsfólk sem geymdi ýmis námskeið frá september til desember. Í boði voru eftirtalin námskeið:

Áætlanagerð í Navision, fyrir sviðsstjóra (27. september)

Góð samskipti á vinnustað, leiðbeinandi Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur (5. og 12. október)

Twitter og samfélagsmiðlastefna Rannís (17. október)

Kynning á umhverfissvissum fyrir sálfræðingum, leiðbeinandi Guðmundur Kjellerup, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu (2. nóvember)

Út í lífið/Lífeyrisréttindi, leiðbeinandi Ágústa H. Gísladóttir, forstöðumaður réttindamála LSR (9. nóvember)

Nýliðabjálfun: Allt sem þú vilt vita um Rannís (14. nóvember)

Í maí fór jafnframt fram fræðsla fyrir sviðsstjóra til undirbúnings starfsmannasamtölum, meðal annars út frá gerð starfsþróunaráætla. Árný Elíasdóttir ráðgjafi hjá Attentus sá um fræðsluna. Þá fór Páll Sveinsson hjá Hugviti yfir helstu breytingar sem fylgdu nýrri uppfærslu í GoPro á fundi með starfsfólki í júní. Vel var mætt á námskeiðin en allt upp í 24 starfsmenn sóttu þau fjölmennustu.

Á heilsudögum Rannís í apríl og október kenndi Bryndís Jóna Jónsdóttir heilsuefingu og núvitund, starfsfólki bauðst að fara í dansleikfimi í Kramhúsinu, jóga í heitum sal og í Grasagarðinum. Sjúkraþjálfari gaf góð ráð og hver dagur hófst með morgunleikfimi. Í hádeginu leiddi starfsfólk aðra með í sjósund og starfandi var göngu- og hlaupahópur. Þá fór fram árleg bólusetning gegn influensu fyrir þá sem vildu. Heilsudagar fóru fyrst fram hjá Rannís í október 2016 svo það er komin ágæt reynsla á þá. Starfsfólk er jákvætt í garð framtaksins og nýtir sér það sem er í boði sér til heilsuefingar.

Fjölbreytt fræðsluerindi fóru fram í fyrirlestraröðinni Fræðum og fræðumst sem er alfaríð í höndum starfsfólks og haldin eru á þriggja vikna fresti í 30 mínútur í senn. Flutt voru 12 erindi frá 1. febrúar til 8. nóvember og báru starfsmenn þungann af því að miðla af þekkingu sinni og reynslu til samstarfsfólks. Efnisvalið var með fjölbreyttasta móti, en flutt voru erindi um Europass, Nepal, borðspil, grænt fæði, Búlgaríu, Sýrland, Brexit, Mývatn, Íslendingasögurnar, námsheimsókn rekstrarsviðs til Eistlands og Lettlands, Auswitch og árlega gönguviku í Fjarðabyggð. Að jafnaði mæta 20 manns í hvert skipti á Fræðum og fræðumst.

STARFSAUGLÝSINGAR

Á fyrrihluta árs var starf sérfræðings á rannsókn- og nýsköpunarsviði auglýst laust til umsóknar. Alls bárust 16 umsóknir um starfið. Auður Bergþórsdóttir, Cand. Oecon í hagfræði frá Copenhagen Business School var ráðin.

Um mitt ár var starf skjalastjóra hjá Rannís auglýst laust til umsóknar. Alls bárust 7 umsóknir um starfið. Katrín Níelsdóttir, MSc í upplýsingafræðum frá Háskóla Íslands var ráðin.

Í nóvember var auglýst eftir hugbúnaðarsérfræðingi í nýja stöðu innan Rannís. Alls bárust 18 umsóknir. Ekki var búið að ganga frá ráðningu í árslok. Á árinu voru auglýst þrjú laus störf til umsóknar á móti einu á árinu 2016. Starfsauglýsingum fjölgaði um tvær á milli ára en eitt starfanna var nýtt.

STARFSMENN Í ÁRSLOK 2017

Aðalheiður Jónsdóttir
Andrés Pétursson
Anna R. Möller
Auður Bergþórsdóttir
Ágúst Hjörtur Ingbórsson
Árni Sigurðsson
Ása Guðrún Kristjánsdóttir
Ásta Vigdís Jónsdóttir
Dóra Stefánsdóttir
Elísabet María Andrésdóttir
Eyrún Helgadóttir
Eyrún Sigurðardóttir
Fanney Reynisdóttir
Guðmundur Ingi Markússon
Hallgrímur Jónasson
Helga Dagný Árnadóttir
Herdís Þorgrímsdóttir
Hjörtur Ágústsson

Hulda Hrafnkelsdóttir
Jón Svanur Jóhannsson
Jóna Valborg Árnadóttir
Júlíana Grigorova Tzankova
Katrín Nielsdóttir
Kristmundur Þór Ólafsson
Lára Aðalsteinsdóttir
Lýður Skúli Erlendsson
Margrét Jóhannsdóttir
Margrét Kristjana Sverrisdóttir
María Kristín Gylfadóttir
Matthew David Deaves
Óskar Eggert Óskarsson
Ragnhildur I. Guðmundsdóttir
Ragnhildur Zoéga
Sigríður Grétarsdóttir
Sigríður M. Vigfúsdóttir
Sigríður Vala Vignisdóttir

Sigrún Ólafsdóttir
Sigurður Björnsson
Sigurður Óli Sigurðsson
Steinunn Sigríður Jakobsdóttir
Svandís Sigvaldadóttir
Unnar Freyr Hlynsson
Viðar Helgason
Vigfús Eyjólfsson
Þorgerður Eva Björnsdóttir
Þorsteinn V. Gunnarsson
Ægir Þór Þórsson

Starfsmenn Rannís hjá IASC

Allen James Pope
Gunnar Már Gunnarsson
Federica Scarpa, samkvæmt samkomulagi við Norðurslóðanet

Breytingaferli Rannís

2011

Rannís falin umsýsla með rekstri Gæðaráðs háskóla og ráðgjafarnefndar Gæðaráðs háskóla.

Rannís falin umsýsla með Skattávilun.

Rannís falið að annast umsjón með fundarsókn í rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði vísinda og rannsóknna.

Rannís falið að annast umsýslu með málefnum Alþjóðlegu norðurskaufs-vísindanefndarinnar (IASC).

2013

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB og fleiri verkefni flytjast frá Háskóla Íslands til Rannís, ásamt norrænu menntaáætluninni og upplýsingastofu um nám erlendis.

Umsýsla 12 sjóða á sviði menntamála, menningar- og æskulýðsmála flyst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Rannís.

2014

Rannís falin umsjón með Menningaráætlun ESB.

Rannís tekur að sér eigið bókhald vegna niðurlagningar SRA (skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna).

2015

Rannís flytur í nýtt húsnæði.

2016

Rannís tekur að sér ritarastarf fyrir Vísinda- og tækniráð og Vísindanefnd.

Undirbúningur hefst fyrir opnun skrifstofu IASC að Borgum á Akureyri.

2017

Breytingar á reikningshaldi vegna nýrra laga um opinber fjármál sem tóku gildi 1. janúar.

Alþjóðlega norðurskaufs-vísindanefndin (IASC) opnar skrifstofu í Borgum á Akureyri.

Rannís tekur við rekstri æskulýðshluta Erasmus+ af Ungmennafélagi Íslands.


ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

RANNÍS VEFURINN

Á vefsíðu Rannís, rannís.is, geta notendur vefsins nálgast allar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar og þá þjónustu sem hún veitir. Áhersla er lögð á að leit sé skilvirk og styðji hratt og örugglega við notandann. Hægt er að kalla fram upplýsingar á einfaldan og öruggan hátt um alla sjóði og verkefni í umsýslu Rannís, næstu umsóknarfresti og þá viðburði sem eru á döfinni.

Mikil og stöðug umferð mælist um vefsíðuna og voru virkir gestir rúmlega 6.000 á mánuði á árinu. Vefurinn er uppfærður daglega og á forsiðu eru reglulega settar inn nýjar fréttir og upplýsingar um verkefni, sjóði og umsóknarfresti. Vefurinn hentar til skoðunar í öllum tækjum, hvort sem um er að ræða tölvuskjá, spjaldtölvu eða snjallsíma. Vefurinn er því öflug gátt inn í starfsemi stofnunarinnar. Þess má geta að vefurinn hlaut 94 stig af 100 mögulegum í úttekt á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga haustið 2017. Rannís vefurinn er einnig aðgengilegur á ensku.

Nokkrir stærri sjóðir hafa eigin lén sem vísa á sértækar undirsíður á Rannís vefnum. Má þar helst nefna Tækniþróunarsjóð, Horizon 2020 og Creative Europe.



Á vefsíðu Rannís geta notendur vefsins nálgast allar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar og þá þjónustu sem hún veitir.


Með leitavél er hægt að kalla fram upplýsingar á einfaldan og öruggan hátt um alla sjóði og verkefni í umsýslu Rannís. Leita má eftir nafni sjóðs, markhópi, starfsheiti og/eða vettvangi.

Fjölmarginir aðrir vefir sem tengjast ákveðnum sérverkefnum eru í umsýslu Rannís. Sem dæmi má nefna SIS.net, Eurodesk, Farabara og Erasmus+. Erasmus+ vefurinn er systurvefur Rannís vefjarins sem tengist honum í gegnum sjóðsleitarvélina, með sameiginlegum fréttum, upplýsingum um umsóknarfresti og viðburði.

MIÐLUN UPPLÝSINGA

Rafræn kynning og upplýsingar í formi skilaboða á samfélagsmiðlum og í tölvupósti leikur sífellt stærra hlutverk í kynningarstarfi Rannís. Reglulega eru sendar út tilkynningar í tölvupósti á póstlista Rannís. Póstlistinn telur um 3.200 manns sem skipt er niður í sjö ólíka markhópa eftir áhugasviðum áskrifenda. Sendir voru út 100.289 póstar til áskrifenda. Samfélagsmiðlarnir Facebook, Twitter og LinkedIn voru einnig nýttir til þess að koma skilaboðum á framfæri, auka sýnileika, opna fyrir samskipti og styðja við virkni heimasíðunnar.

Einnig voru beinar útsendingar frá nokkrum viðburðum Rannís, t.d. Rannsóknþingi, á Facebook. Allt í allt eru 20 mismunandi samfélagsmiðlareikningar notaðir til þess að koma skilaboðum á framfæri til ólíkra markhópa sem sýnir hversu mörgum og ólíkum verkefnum starfsfólk Rannís sinnir.



Viðtöl voru tekin við verðlaunahafa gæðaviðurkenninga Erasmus+



Íslensku ERC-styrkþegarnir eru mikilvægir álitsgjafar og tóku vel í það að miðla af reynslu sinni þegar óskað var eftir því

Á árinu voru gerð myndbönd sem sérstaklega voru ætluð til deilingar á samfélagsmiðlum. Sýndu þau upptökur af viðtölum við einstaklinga sem notið hafa góðs af ýmsum sjóðum, innlendum sem erlendum, í umsjá Rannís.

Alls voru gerð 16 myndbönd sem deilt var á samfélagsmiðlum og á YouTube og náðu mörg þeirra ágætri útbreiðslu. Til dæmis fengu átta myndbönd með viðtölum við verðlaunahafa gæðaviðurkenninga Erasmus+ samtals yfir 70.000 áhorf frá því þau voru birt 9. nóvember og til ársloka.

Talsvert var gefið út af prentuðu kynningarefni fyrir einstaka viðburði og til að kynna sjóði og áætlanir. Einnig voru reglulega birtar auglýsingar í blöðum þar sem auglýst var eftir umsóknum um styrki en jafnframt notast við vefmiðla þegar við átti. Í einhverjum tilvikum var notast við útvarpsauglýsingar til þess að auglýsa umsóknarfresti og viðburði.



Rannís bæklingur kom út í lok árs, á íslensku og ensku

SÝNILEIKI Í FJÖLMÍÐLUM

Rannís var talsvert í fjölmiðlum árið 2017. Alls var fjallað um Rannsóknamiðstöð Íslands - Rannís í 139 fréttum/greinum. Þar af var ein frétt í sjónvarpi/útvarpi, 51 í prentmiðlum, 66 í netmiðlum og 21 á sérvefjum. Einnig fengu fréttir af Rannís töluverða útbreiðslu á Facebook.

Það sem helst vekur athygli fjölmiðla eru stórar úthlutanir til ákveðinna verkefna, svo sem úr Tækniþróunarsjóði, Rannsóknasjóði, Erasmus+ og listamannalaun. Fréttir af framúrskarandi verkefnum sem unnin hafa verið með styrk úr sjóðum sem heyrja undir Rannís vekja jafnframt athygli sem og veiting viðurkenninga eins og Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs, Nýsköpunarverðlauna Íslands og Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.



Sérblað um Erasmus+ sem fylgdi Fréttablaðinu 8. nóvember



Yfirskrift Rannsóknþingsins í ár var Heimur örra breytinga

Gestir Rannsóknþings í september fengu senda könnun þar sem leitast var við að kanna viðhorf þeirra til viðburðarins. Niðurstöður gefa til kynna að gestir hafi almennt verið ánægðir með Rannsóknþingið. En 93% þeirra sögðust hafa áhuga á að sækja Rannsóknþing aftur.



eTwinning sendiherrarnir samankomnir

Í október skipulagði Rannís símenntunar- og tengslaráðstefnu á Hótel Völlum í Hafnarfirði fyrir eTwinning sendiherra frá Norðurlöndunum. eTwinning sendiherrar eru starfandi kennarar með reynslu af eTwinning sem aðstoða landskrifstofur við kynningarmál og stuðning í skólakerfinu. Meginefni ráðstefnunnar var að vinna tilbúna lýsingar á eTwinning verkefnum sem sendiherrarnir gætu nýtt í kynningarstarfi. Þátttakendur voru 36, bæði sendiherrar og starfsfólk systurskrifstofa Rannís á Norðurlöndunum.




Á Facebook-síðu Rannís eru birtar upplýsingar um umsóknarfresti, áhugaverð verkefni, viðburði og námskeið sem eru framundan.

UMSÓKNA- OG UPPLÝSINGAKERFI

Umsókna- og upplýsingakerfi Rannís gegnir margþættu hlutverki, í fyrsta lagi að taka á móti umsóknum og öðrum rafrænum gögnum sem tengjast framgangi umsókna, þá að halda utan um fagráðsferli matsmanna, sem eru allir utan Rannís, og loks að veita upplýsingar til stjórnvalda og almennings um styrki og starfsemi sjóða í vörslu Rannís eftir því sem við á.

Notendur kerfisins skipta þúsundum. Á árinu voru umsóknir um styrki tæplega 4.400 og erlendir sem innlendir matsmenn auk stjórnarmanna sjóða um 800. Hver með aðgang að einni umsókn allt til nokkurra tuga. Utan frá, gegnum rafræna gátt stjórnsýslunnar island.is, koma allir innlendir umsækjendur ásamt stjórnnum og fagráðum sjóða, en erlendir aðilar koma gegnum aðra gátt sem sett var upp í samstarfi við rekstraraðila island.is. Aðgangi er stýrt að þeim verkefnum sem við á og þess gætt að matsmenn og stjórnarmenn hafi ekki aðgang að umsóknum þar sem lýst er yfir vanhæfi eða þegar umsækjendur

DREIFING INNSENDRA UMSÓKNA 2017



Verulegur fjöldi umsókna barst um frádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga á árinu.

Frá 1. janúar til ársloka bárust 83 umsóknir um skattfrádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga í gegnum rafrænt umsóknakerfi Rannís. 58 umsóknir voru samþykktar eða 70%, 24 umsóknum var hafnað eða 29%, einn umsækjandi hætti við eða 1%. Hlutfall samþykktra umsókna er svipað hjá fyrirtækjum og háskólastofnunum eða tæp 70%, en heldur hærra hjá stofnunum.

óska eftir því að tilgreindir matsmenn eða stjórnarmenn lesi ekki umsóknir þeirra. Innan kerfisins vinna starfsmenn Rannís, en aðgangur að megin gagnagrunni er læstur öðrum en þeim sem vinna við umsjón og þróun kerfisins.

Að mestu leyti er lokið við að endurnýja umsóknakerfi sjóðanna og verið er að endurskrifa fagráðs- og umsýslukerfi fyrir innri sem ytri einstaklinga er tengjast umsýslu sjóða í vörslu Rannís. Á árinu bættist við umsýsla vegna frádráttar frá tekjum erlendra sérfræðinga og hafist var handa við undirbúning markáætlunar í máltækni. Þá hafði Rannís umsjón með umsóknar- og fagráðsferli í alþjóðlegu kalli erlenda samstarfsverkefnisins GEOTHERMICA, sem stofnunin er þátttakandi í.

REKSTUR

Heildartekjur Rannís voru 783,2 m.kr. á árinu. Ríkisframlagið var alls 364,9 m.kr., eða 46,6% af heildartekjum.

Heildarsértekjur Rannís voru 418,4 m.kr., eða 53,4% af heildartekjum. Stærsti hluti sérteknanna komu frá erlendum opinberum aðilum 213,8 m.kr. eða 27,3% af heildartekjum Rannís. Innbyrðis framlög á milli A-hluta stofnana námu 170,8 m.kr., eða 21,8%. Sjá nánar hlutfall skiptingar tekna sem hlutfall af heildartekjum í töflunni hér á eftir:

Tekjur í m.kr.		
Ríkisframlag	364,9	46,6%
Erlendir opinberir aðilar	213,8	27,3%
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	170,7	21,8%
Endurgreiddur ferðakostnaður	8,2	1,0%
Funda- og ráðstefnutekjur	5,4	0,7%
Kostnaðarhlutd. í sameiginlegri þjónustu	2,7	0,4%
Aðrar sértekjur	17,5	2,2%
Tekjur alls	783,2	100,0%

Heildargjöld Rannís voru 747,5 m.kr., þar af var stærsti gjaldaliðurinn laun og launatengd gjöld 448,2 m.kr. eða 60%. Stærstu gjaldaliðirnir fyrir utan laun og launatengd gjöld var sérfræðipjónusta, 61,9 m.kr. eða 8,3% og ferðakostnaður og uppihald erlendis var 47,0 m.kr. eða 6,3%. Sjá nánari skiptingu gjalda sem hlutfall af heildargjöldum Rannís í töflu hér á eftir:

Gjöld í m.kr.		
Laun og tengd gjöld	448,2	60,0%
Ferðakostnaður og uppihald erlendis	47,0	6,3%
Ferðakostnaður og uppihald innanlands	9,0	1,2%
Húsaleiga og tengdur kostnaður	53,0	7,1%
Sérfræðipjónusta	61,9	8,3%
Tölvumál	32,5	4,3%
Funda- og ráðstefnukostnaður	15,9	2,1%
Auglýsingar, myndbandagerð og birtingar	13,9	1,9%
Tilfærslur	17,6	2,4%
Annar kostnaður ótilgreindur	48,5	6,5%
Gjöld alls	747,5	100,0%

Rekstrarafgangur var upp á 35,7 m.kr.

Fyrirvari er gerður um rekstrarniðurstöðu og stöðu efnahags í ársreikningi Rannís vegna endanlegrar færslu fjárheimilda af hálfu Fjárslu ríkisins, en þessar upplýsingar lágu ekki að fullu fyrir, við birtingu þann 26. apríl 2018.

Á árinu voru farnar alls 250 millilandaferðir á fundi á vegum Rannís, sem er fjórum ferðum færra en á árinu 2016. 42 ferðir voru tengdar Gæðaráði háskóla þar af 34 ferðir erlendra sérfræðinga vegna funda gæðaráðs ásamt ferðum vegna úttekta á matskerfi opinberra háskóla og viðurkenninga á doktorsnámi. 9 ferðir voru farnar á vegum skrifstofu IASC.

199 ferðir voru farnar til að sækja fundi og ráðstefnur erlendis. 107 voru farnar á vegum alþjóðasviðs, þar af voru 28 ferðir farnar af ytri sérfræðingum Rannís. 78 ferðir voru á vegum mennta- og menningarssviðs, þar af fimm af ytri sérfræðingum. Sjö ferðir voru

farnar af rekstrarsviði. Sjö ferðir voru farnar á vegum rannsókn- og nýsköpunarsviðs þar af var ein ferð bókuð vegna fagráðsvinnu Rannsóknasjóðs.

Ferðadagar starfsmanna og ytri sérfræðinga Rannís voru alls 657 og hver ferð var 3,3 dagar að meðaltali. Stystu ferðirnar tóku einn dag en þær lengstu sex daga.

Stærsti hluti ferðanna er endurgreiddur af ESB annaðhvort með beinu framlagi sem bæði dekkar vinnu og/eða kostnað í viðkomandi verkefni eða í gegnum beina endurgreiðslu á ferðakostnaði fyrir utan vinnulaun.

Millilandaferðir á vegum Rannís	Fjöldi
Alþjóðasvið	107
Mennta- og menningarsvið	78
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	6
Gæðaráð háskóla	42
Rekstrarsvið	7
IASC	9
Alls	249

SKJALA- OG GAGNASAFN RANNÍS

Á árinu var málaskrá Rannís uppfærð úr GoPro.net í GoPro.foris. Í árslok var búið að vinna úr og loka 78% þeirra mála sem voru stofnuð í GoPro árið 2013, 73% mála frá 2014, 63% mála frá 2015, 34% mála sem voru stofnuð 2016 og 52% þeirra mála sem voru stofnuð á árinu 2017.

Staða stofnaðra mála 2014-2017				
Ár	2014	2015	2016	2017
Opin mál (samþykkt, í bið, í vinnslu)	494	1.947	2.262	3.696
Lokuð mál (hafnað, dregin til baka, lokið)	1.345	3.361	1.175	3.925
Fjöldi stofnaðra mála	1.839	5.308	3.437	7.621

Skjalasafnið rúmar um 400 hillumetra af gögnum eða um það bil 6.000 skjalaöskjur. Í dag nýtir Rannís um 42% eða 2.505 öskjur. Í árslok átti eftir að pakka upp úr fjórum kössum eftir flutning Rannís í Borgartúnið.

Á árinu voru 242 skjalaöskjur fluttar í Þjóðskjalasafn Íslands.

NÝTING FUNDARHERBERGJA HJÁ RANNÍS

Á árinu voru bókaðir 1.196 fundir í fundarherbergi Rannís. Flestir fundir voru bókaðir í nóvember eða 165 fundir, janúar 144 fundir og september 128 fundir. Fæstir fundir voru bókaðir yfir hásumarið, í desember og í apríl.

Að meðaltali voru bókaðir 4,6 fundir á dag á árinu 2017 eða tæplega 100 fundir á mánuði. Töluvert er um að fundarherbergi séu notuð án þess að þau séu bókuð fyrirfram, ekki er gert ráð fyrir þeirri notkun í yfirlitinu hér fyrir neðan.

	Fjöldi bókaðra fundarherbergja pr. mán.	Hlutfall notkunar pr. mán.
Janúar	144	12%
Febrúar	90	8%
Mars	105	9%
Apríl	68	6%
Mái	105	9%
Júní	122	10%
Júlí	38	3%
Ágúst	77	6%
September	128	11%
Október	104	9%
Nóvember	165	14%
Desember	50	4%
Samtals árið	1.196	100%

FUNDARVEITINGAR

Á árinu voru framreiddar 2.577 veitingar fyrir fundargesti á vegum Rannís, allt frá te eða kaffi með eða án meðlætis og upp í hádegisverði.

Svið	Fjöldi fundarveitinga 2017
Mennta- og menningarsvið	903
Rannsókn- og nýsköpunarsvið	866
Rekstrarsvið	634
Alþjóðasvið	147
IASC	27
Alls fjöldi fundarveitinga	2.577



Svipmyndir frá hádegisverðarmálþingi í tilefni af 10 ára afmæli Evrópska rannsóknaráðsins (European Research Council)





Svipmyndir frá vorkundi Tækniþróunarsjóðs



Svipmyndir frá Rannsóknþingi sem haldið var í byrjun sumars.



ÁRSREIKNINGUR RANNÍS 2017

ÁRSREIKNINGUR

Yfirlit um afkomu ársins 2017

	2017	2016
Tekjur		
Framlög ríkissjóðs	360.045.065	303.400.000
Seld þjónusta	11.207.056	18.938.919
Aðrar tekjur	400.410.021	391.849.241
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	7.695.794	
	<hr/> 779.357.936	<hr/> 714.188.160
Gjöld		
Laun og tengd gjöld	450.168.624	433.097.676
Tilfærslur	17.586.983	15.753.556
Annar rekstrarkostnaður	277.429.164	272.248.874
Afskriftir	7.695.794	1.201.920
	<hr/> 752.880.565	<hr/> 722.302.026
Afkoma fyrir fjármagnsliði	26.477.371	(8.113.866)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	6.749.929	4.165.329
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(1.444.481)	(4.469.161)
	<hr/> 5.305.448	<hr/> (303.832)
Afkoma ársins	<hr/> 31.782.819	<hr/> (8.417.698)

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	2017	Stofnefnahags- reikningur 01.01.2017
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Innréttingar, áhöld og tæki	24.410.387	27.251.246
	<u>24.410.387</u>	<u>27.251.246</u>
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	26.255.877	41.578.478
Tengdir aðilar	107.982.045	47.802.506
Viðskiptareikningar vegna ferðakostnaðar	309.381	
Handbært fé:		
Bankainnstæður	102.683.685	94.825.368
Veltufjármunir	<u>237.230.988</u>	<u>184.206.352</u>
Eignir samtals	<u>261.641.375</u>	<u>211.457.598</u>

Eigið fé og skuldir

	2017	Stofnefnahags- reikningur 01.01.2017
Eigið fé		
Hrein eign	1.562.894	(76.166.751)
Eigið fé samtals	<u>1.562.894</u>	<u>(76.166.751)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir:		
Tengdir aðilar	174.313.110	201.735.735
Viðskiptaskuldir	19.903.780	12.291.085
Ýmsar skammtímaskuldir	41.451.204	46.346.283
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	24.410.387	27.251.246
Skammtímaskuldir	<u>260.078.481</u>	<u>287.624.349</u>
Skuldir samtals	<u>260.078.481</u>	<u>287.624.349</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>261.641.375</u>	<u>211.457.598</u>

Sjóðstreymi ársins 2017

Handbært fé frá rekstri	2017	2016
Frá rekstri:		
Afkoma ársins	31.782.819	(8.417.698)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	7.695.794	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	(7.695.794)	
Veltufé frá rekstri	31.782.819	(8.417.698)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímafröfur; lækkun (hækkun)	15.013.220	(57.647.478)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	2.717.616	68.337.049
	17.730.836	10.689.571
Handbært fé frá rekstri	49.513.655	2.271.873
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	(4.854.935)	
Fjárfestingarhreyfingar	(4.854.935)	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Tengdir aðilar	(41.655.338)	(303.400.000)
Fjárfestingarframlag	4.854.935	279.466.394
Fjármögnunarhreyfingar	(36.800.403)	(23.933.606)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	7.858.317	(21.661.733)
Handbært fé í ársbyrjun	94.825.368	116.487.101
Handbært fé í árslok	102.683.685	94.825.368



rannís

Rannsóknamiðstöð Íslands

Borgartún 30, 105 Reykjavík, sími 515 5800, rannis@rannis.is

